



Ársskýrsla og reikningar UMSK 2012

89. ársþing 28. febrúar 2013

Efnisyfirlit

Dagská 89. ársþings	4
Aðildarfélög UMSK 2011	5
Ávarp formanns	6
88. ársþing UMSK	7
Stjórn UMSK 2012	8
Aðildarfélög UMSK	9
Fjöldi aðildarfélag og iðkenda.....	11
Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein	12
Skólahlaup UMSK 2012	13
UMSK 2012	14
Fréttir frá UMFÍ.....	18
Fréttir frá ÍSÍ	20
Afreksmannasjóður UMSK	22
Reglugerð um heiðursveitingar	22
Skýrslur félaga	23
Lög UMSK.....	40
Héraðsmet í frjálsum.....	42
Viðurkenningar	44
Heiðursviðurkenningar	45
Fyrirmyndarfélög	48
Söguritun	49
Reikningar 2012	50



Ungmennasamband Kjalarnesþings

Skýrslan

Skýrsla 2012, lögð fram á 89. ársþingi
Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin
á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni
í febrúar 2013.

Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Kristján Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

Ljósmyndir: Úr safni UMSK og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.

Dagskrá 89. ársþings UMSK

Haldið í Félagsheimili Seltjarnarness fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 18:00

Kl.18:00 Þingsetning

Kosning fyrsta og annars þingforseta
Kosning fyrsta og annars þingritara
Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar lögð fram
Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Ávörp gesta
Álit kjörbréfanefndar
Staðfesting á aðild nýrra félaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd
Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram
Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram
Aðrar tillögur lagðar fram
Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir
Afgreiðsla á álit nefnda

Önnur mál

Kosningar, kjörnefnd skilar álit
a. Kosning formanns
b. Kosning tveggja stjórnarmanna
c. Kosning þriggja manna í varastjórn
d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
e. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið

Þingslit.

Aðildarfélög UMSK 2012

- fjöldi félaga 16+/fjöldi fulltrúa á þing

Aðildarfélög:	Fjöldi félaga 16+	Fjöldi þingfulltrúa
Augnablik	103	1
Dansfélagið Hvönn	279	3
Dansíþróttafélag Kópavogs	792	8
Golfklúbbur Álftaness	121	1
Golfklúbbur Bakkakots	183	2
Golfklúbburinn Kjölur	613	6
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	620	6
Golfklúbburinn Oddur	1100	9
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	1543	9
Handknattleiksfélag Kópavogs	6326	9
Hestaíþróttafélagið Hörður	659	7
Hestamannafélagið Adam	40	1
Hestamannafélagið Andvari	349	3
Hestamannafélagið Gustur	321	3
Hestamannafélagið Sóti	112	1
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	41	1
Hvíti riddarinn	34	1
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	116	1
Íþróttafélagið Gáski	37	1
Íþróttafélagið Gerpla	5969	9
Íþróttafélagið Glóð	188	2
Íþróttafélagið Gróttu	1347	9
Judófélag Garðabæjar	3	1
Knattspyrnufélag Garðabæjar	37	1
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	32	1
Kraftlyftingafélag Garðabæjar	26	1
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	18	1
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness	26	1
Rugbyfélagið Stormur	0	1
Siglingafélagið Ýmir	271	3
Skautafélagið Fálkar	12	1
Skotfélag Kópavogs	263	3
Skylmingafélag Seltjarnarness	30	1
Stálúlfur	78	1
Tennisfélag Kópavogs	573	6
Tennisfélag Garðabæjar	104	1
Umf. Álftaness	1127	9
Umf. Breiðablik	6978	9
Umf. Stjarnan	3002	9
Ungmennafélagið Afturelding	3369	9
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar	189	2
Samtals:	37031	154

Ávarp formanns



Ágætu þingfulltrúar.

*Velkomin á 89. ársþing
Ungmennasambands Kjalarnesþings.*

UMSK telur 54.664 félagsmenn í 43 aðildafélögum. Þar af eru 6 fjölgreinafélög með 39 deildir þannig að samtals eru þetta 81 eining. Innan aðildarfélagnna eru 22.514 iðkendur í 28 íþróttagreinum auk almenninguþróttu.

Starfsárið er búið að vera viðburðaríkt enda ástæða til þar sem sambandið varð 90 ára þann 19. nóvember. Af því tilefni tókum við að okkur mótshald á 2. Landsmóti UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Jafnframt var efnt til afmælishátíðar í Kópavogi þar sem m.a. fyrstu kaflarnir í nýritadari sögu UMSK voru opinberaðir.

Ekki stendur til að gefa efnið út fyrr en á 100 ára afmælinu en hægt er að nálgast fyrstu 20 árin, 1922 til 1942, á heimasíðu sambandsins. Söguritunin heldur áfram og er verið að vinna í 30 ára tímabilinu frá 1942 til 1972, og verður það birt á vefnum á næsta ári.

Það er nauðsynlegt að skrá söguna og við viljum áfram hvetja aðildarfélögin til að huga að sinni söguritun og leita styrkja til UMSK í því sambandi.

Ágætu félagar

Í stað þess að senda verkefni til aðildarfélagnna þá höfum við á síðustu árum leitað til aðildafélagnna varðandi verkefni sem gæti gagnast þeim að við færum í. Má þar m.a. nefna síðareglur, sundmót, handboltamót, línudanskeppni, ánægjukönnun og nú síðast á laugardaginn, Bocciamót fyrir 50+.

Ánægjukönnunin var upphaflega samstarfsverkefni milli UMSK og ÍBR en til að fá betri samanburð var leitað eftir samvinnu við ÍSÍ og UMFÍ með það í huga að fá öll íþróttafélög inn í könnunina. Í framhaldi af því kom styrkur frá Menntamálaráðuneytinu þannig að kostnaður UMSK er

einungis við úrvinnslu fyrir UMSK og aðildarfélögin, um 300.000 kr. Könnunin var unnin af „Rannsókn og greining“ sem tengist Háskólanum í Reykjavík. Þarna eru allir nemendur í 8. til 10. bekk grunnskólanna spurðir um íþróttaiðkun og álit á sínum félögum. Félögin á UMSK svæðinu koma mjög vel út og skora hátt miðað við landsmeðaltal þegar skoðað er ánægja með félagið og afstaða til reikinga og vímuefnaneyslu. Til þess að könnunin sé marktæk fyrir einstaka félög þá þarf ákveðinn fjöldi svarenda. Þau félög sem uppfylltu þau skilyrði hafa fengið sérkynningu auk þess sem heildarniðurstaða UMSK var kynnt á formannafundi í haust.

Í daglegu tali er talað um „Ánægjukönnun“. Þar sem mæld er ánægja iðkenda með sín félög, þjálfara, aðstöðu og svo fr. Það má rétt eins kalla þetta „Árangursmælingu“, þar sem skýrt kemur fram að þeir sem standa að rekstri íþróttafélaga á UMSK svæðinu eru að standa sig vel og forvarnargildi starfsins er skýrt. Höldum áfram á þessari braut og gleymum ekki að nýta okkur þessar niðurstöður til að þrýsta enn frekari fjárveitingar frá ríki og sveitarfélögunum. En við skulum ekki látra þar við standa og fyrir þinginu liggur tillaga um að hvetja UMFÍ og ÍSÍ til þátttöku í þessari könnun með okkur á tveggja ára fresti.

Ágætu þingfulltrúar

Ég vil minna okkur á að standa vörð um lottóíð, sérstaklega á þessum tímum, þegar forsvarsmenn listamanna sem fá árlega 6 milljarða tækka frá ríkisvaldinu, ásælast þetta fjáröflunar-fyrirtæki okkar.

Og að lokum þakka ég stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögunum fyrir frábært starf og samstarf.

Valdimar Leó Friðriksson.



88. ársþing UMSK 2012

88. ársþing UMSK var haldið 9. febrúar í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. .

Um áttatíu þingfulltrúar sátu þingið frá nítján aðildarfélögum. Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ og Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ ávörpuðu þingið ásamt Jóni M. Ívarssyni söguritara UMSK en hann hefur tekið að sér að skrifa sögu fyrstu ára sambandsins. Á þinginu voru fjögur ný félög tekin inn í UMSK þ. e. Skautafélagið Fálkar Kópavogi, Kraftlyftingafélag Seltjarnarness, Kraftlyftingafélag Garðabæjar og Rugbyfélagið Stormur Seltjarnarnesi og eru aðildarfélögin þá orðin fjörutíu og tvö.



Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK veitti Kára Steini Karlssyni Breiðablik fimmhundruð þúsund króna styrk til undirbúning fyrir Olympíuleikana í London en Kári er annar tveggja Íslendinga sem hafði unnið sér rétt til þátttöku á leikunum.

Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ 50 + kom og kynnti mótið en það verður í Mosfellsbæ 8.-10. júní og í umsjón UMSK.

Valdimar Leó Friðriksson Aftureldingu var endurkjörinn formaður sambandsins ásamt allri stjórninni. Í stjórn sitja því auk Valdimars Ester Jónsdóttir Breiðablik, Albert Valdimarsson HK, Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki, Margrét Björnsdóttir Ými, Svanur M. Gestsson Aftureldingu, Einar Jóhannsson Nesklúbbnum og Halldór Valdimarsson HK.

Starfsmerki UMSK, afreksbikarar og félagsmálaskjöldur UMSK voru veitt eftirfarandi einstaklingum og hópum:

Starfsmerki:

Andrés B. Sigurðsson Stjórnunni
Gunnar Kr. Sigurðsson Stjórnunni
Jóhann Ingi Jóhannsson Stjórnunni
Hannes Árnason Stjórnunni
Sigrún Dan Róbertsdóttir Stjórnunni
Einar Páll Tamimi Stjórnunni
Árni Pétursson Gróttu
Sesselja Järvelä Gróttu
Sigurður Teitsson Herði
Halldór Halldórsson, Andvara
Brynjar Júlíus Pétursson – HK
Björg Erlingsdóttir – HK
Guðlaug Þórhallsdóttir – HK
Halldór K Valdimarsson – HK
Ingibjörg Gunnarsdóttir – HK
Lilja Þórhallsdóttir – HK

Afreksbikarar:

UMFÍ bikarinn – Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu Stjarnan
Afreksbikarinn – Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir Stjarnan
Fimleikabikar UMSK – Meistaraflokkur kvenna í hópþímleikum – Gerpla
Dansbikarinn UMSK – Sigurður Þór Sigurðsson og Hanna Rún Óladóttir DÍK
Frjálsíþróttabikar UMSK – Kári Steinn Karlsson Breiðablik
Sundbikar UMSK – Ingimar Logi Guðlaugsson Breiðablik
Félagsmálaskjöldur UMSK: – Jón Finnbogason Gerplu





Stjórn UMSK

Stjórnin hélt 9 formlega fundi milli þinga.



Formaður
Valdimar Leó Friðriksson
Aftureldingu



Varaformaður
Ester Jónsdóttir
Breiðabliki



Gjaldkeri
Albert H.N. Valdimarsson
HK



Meðstjórnandi
Margrét Björnsdóttir
Ými



Meðstjórnandi
Einar Jóhannsson
NK



Varastjórn
Svanur M. Gestsson
Aftureldingu



Alda Kolbrún Helgadóttir
Breiðabliki



Halldór Valdimarsson
HK



Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri sambandsins
er **Valdimar Smári Gunnarsson**.

Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

Aðildarfélög UMSK 2012



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Guðjón Helgason



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Álfтанess
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Orri Hlöðversson



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Jón Finnbogason



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Jóhann Steinar Ingimundarson



Gróttan www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttan, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Haraldur Eyvinds Þrastarson



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson



Ýmir www.isisport.is/felog/ymir
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Birgir Ari Hilmarsson



Kjölnur www.gkj.is
Golfklúbburinn Kjölnur, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 5. desember 1980
Formaður: Guðjón Karl Þórisson



Gáski
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 10. júní 1982
Formaður: Snorri Magnússon



GKG www.gkg.is
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 17. apríl 1986
Formaður: Guðmundur Oddsson



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Guðjón Magnússon



Gustur www.gustarar.is
Hestamannafélagið Gustur, Kópavogi
Félagið stofnað: 11. nóvember 1965
Formaður: Hermann Vilmundarson



SFK www.skotkop.is
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Stefán Eggert Jónsson



Andvari www.andvari.is
Hestamannafélagið Andvari, Garðabæ
Félagið stofnað: 5. apríl 1965
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörsson



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson



GOB www.golf.is/gob
Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal
Félagið stofnað: 15. júní 1991
Formaður: Gunnar Ingi Björnsnsson



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Ingi Þór Hermannsson



Sóti
Hestamannafélagið Sóti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Steinunn Guðbjörnsdóttir



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Ólafur Ingi Ólafsson



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Guðjón M. Sveinsson



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir

**KFK**

Keilufélagið Keila
Félagið stofnað: 1. febrúar 2004
Formaður: Ásgrímur Helgi Einarsson

**Riddarinn** www.riddarinn.is

Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Kristján Sigurðsson

**Skyldingafélag Seltjarnarness**

Skyldingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Helgi Njálsson

**Glóð**

Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Sigurbjörg Björgvinsdóttir

**GÁ**

Golfklúbbur Álftaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Doron Eliassen

**Hjólamenn** www.hjolamenn.is

Hjólreiðafélagið Hjólamenn
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004
Formaður: Gunnlaugur Jónsson

**Motomos** www.motomos.is

Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Sverrir Jónsson

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason

**Tennisfélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Heimir Þorsteinsson

**Knattspyrnufélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson

**Hestamannafélagið Adam Kjós**

Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Pétur Blöndal Gíslason

**Íþróttafélagið Stálúlfur Kópavogi**

Félagið stofnað: 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas

**Judófélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Haukur Hafsteinsson

**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar**

Félagið stofnað: 10. janúar 2011
Formaður: Magnús Guðmundsson

**Skautafélagið Fálkar**

Kópavogi
Félagið stofnað: 20. október 2010
Formaður: Vilhelm Patrick Bernhöft

Kraftlyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 30. janúar 2011
Formaður: Alexander Ingi Olsen

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Kristinn Þór Sigurþórsson

Staðfesting eftirfarandi félaga verður tekin fyrir á pinginu:**Hestamannafélagið Sprettur****Bogfímifélagið Boginn****Knattspyrnufélagið Vatnaliljur****Knattspyrnufélagið Skínandi**




Fjöldi félaga og iðkenda í aðildarfélögum UMSK 2012

Félög:	Félagar			Iðkendur		
	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls	Alls undir 16	Alls yfir 16	Alls
Augnablik	0	71	71	0	103	103
Dansfélagið Hvönn	277	122	399	336	279	615
Dansíþróttafélag Kópavogs	424	217	641	526	792	1318
Golfklúbbur Álftaness	21	121	142	21	121	142
Golfklúbbur Bakkakots	11	183	194	11	183	194
Golfklúbburinn Kjölur	61	586	647	61	613	674
Golfklúbburinn Nesklúbburinn	48	620	668	48	620	668
Golfklúbburinn Oddur	42	1100	1142	42	1100	1142
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar	302	1543	1845	302	1543	1845
Handknattleiksfélag Kópavogs	1335	608	1943	2382	6326	8708
Hestaíþróttafélagið Hörður	141	657	798	141	659	800
Hestamannafélagið Adam	9	40	49	9	40	49
Hestamannafélagið Andvari	223	341	564	225	349	574
Hestamannafélagið Gustur	106	321	427	109	321	430
Hestamannafélagið Sóti	49	104	153	70	112	182
Hjólreiðafélagið Hjólamenn	0	39	39	0	41	41
Hvíti riddarinn	0	33	33	0	34	34
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi	0	60	60	0	116	116
Íþróttafélagið Gáski	0	33	33	0	37	37
Íþróttafélagið Gerpla	1305	143	1448	5251	5969	11220
Íþróttafélagið Glóð	0	280	280	0	188	188
Íþróttafélagið Gróttu	1080	830	1910	860	1347	2207
Júðófélag Garðabæjar	18	1	19	19	3	22
Keilufélagið Keila	0	0	0	0	0	0
Knattspyrnufélag Garðabæjar	0	33	33	0	37	37
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn	0	20	20	0	32	32
Kraftlyftingafélag Garðabæjar	0	26	26	0	26	26
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar	0	16	16	0	18	18
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness	0	26	26	0	26	26
Rugbyfélagið Stormur	0	0	0	0	0	0
Siglingafélagið Sigurfari	0	0	0	0	0	0
Siglingafélagið Ýmir	17	247	264	18	271	289
Skautafélagið Fálkar	0	0	0	0	0	0
Skotfélag Kópavogs	1	169	170	1	263	264
Skylmingafélag Seltjarnarness	13	26	39	19	30	49
Stálúlfur	0	72	72	0	78	78
Tennisfélag Garðabæjar	25	94	119	25	104	129
Tennisfélag Kópavogs	143	549	692	146	573	719
Umf. Álftaness	307	70	377	308	1127	1435
Umf. Breiðablik	2095	526	2621	3276	6978	10254
Umf. Stjarnan	1984	681	2665	2062	3002	5064
Afturelding	1333	339	1672	1336	3369	4705
Motomos	25	172	197	37	189	226
			22514			54660

Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

Íþróttagrein:	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting frá 2011 í %
Bandý	0	40	43	24	42	+75%
Blak	368	409	451	585	633	+8,2%
Badminton	47	74	62	68	0	-100%
Borðtennis	75	79	40	66	77	+16,6 %
Dans	724	700	865	870	1431	+64,4%
Frjálsar íþróttir	260	290	273	454	425	-6,5%
Fimleikar	2640	2290	2874	2759	2815	+2,0%
Golf	4575	4985	4585	4936	4638	-6,1%
Hjólreiðar	36	36	36	39	39	0 %
Handknattleikur	1908	2066	1980	2013	2091	+3,8%
Judó				19	19	0 %
Íþróttir fatlaðra	37	35	35	33	33	0 %
Íþróttir aldraðra	692	684	974	944	955	+1,1%
Karate	281	252	336	380	320	-16,8%
Körfuknattleikur	826	975	1138	1185	997	-16,0%
Keila	29	32	7	7	0	-100 %
Kraftlyftingar	0	27	77	103	235	+128%
Knattspyrna	3122	3086	3720	3778	3765	-0,4%
Hestaíþróttir	2095	1884	1995	1936	1991	+2,8%
Motorsport	107	155	165	180	197	+9,4%
Siglingar	230	232	239	241	246	+0,8%
Skíði	153	153	101	111	81	-27,1%
Skylmingar	20	39	39	39	39	0%
Sund	54	103	316	658	309	-46,9%
Skotfimi	118	119	119	78	170	-34,4%
Taekwondo	38	45	82	124	145	+47,5%
Tennis	685	677	848	864	821	+1,8%

Próun á fjölda iðkenda og félagsmanna innan UMSK





Skólahlaup

Skólahlaup UMSK var haldið á Kópavogsvelli föstudaginn 5. október. Allir krakkar í 4.-7. bekk í grunnskólum á UMSK svæðinu hafa heimild til þátttöku í skólahlaupinu. Mikil fjölgun hefur orðið undan farin ár og enn eitt metið var slegið þetta árið. Um áttahundrað þátttakendur hlupu og hafa aldrei verið fleiri.

Veitt er viðurkenning fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum aldursflokki hjá stelpum og strákurum. Kári Steinn Karlsson Maraðonhlaupari mætti og afhenti verðlaun.

Í hlaupinu keppa skólarnir um Bræðrabikarinn en hann hlýtur sá skóli sem kemur með hlutfallslega flesta keppendur í 4.-7. bekk. Í ár var þetta mjög spennandi og þrír skólar mjög jafnir. Bræðrabikarinn fékk Flataskóli en 86,2 prósent nemenda skólans í 4.-7. bekk tóku þátt í hlaupinu. Þrír fyrstu í hverjum aldursflokki fengu viðurkenningu.

Eftirfarandi keppendur voru fyrstir í sínum flokki:

4. bekkur stelpur

1. Anna Katrín Bjarkadóttir Lágfellsskóla	3.14,79
2. Ólafía Elísabet Einarisdóttir Salaskóla	3.15,09
3. Hildigunnur Ýr Benediksdóttir Flataskóla	3.19,68

4. bekkur strákar

1. Anton Logi Lúðvíksson Lindaskóla	3.02,52
2. Tomas Bjarki Jónsson Lindaskóla	3.05,03
3. Hlynur Már Friðriksson Sjalandskóla	3.06,98

5. bekkur stelpur

1. Hafrún Rakel Halldórsdóttir Lágfellsskóla	2.57,37
--	---------

2. Elín Helena Karlsdóttir Lindaskóla	2.59,19
3. Kristjana Rún Kristjánsdóttir Salaskóla	3.17,52

5. bekkur strákar

1. Andri Fannar Baldursson Salaskóla	2.47,37
2. Eyþór Whöler Lágafellsskóla	2.48,02
3. Yngvi Haraldsson Salaskóla	2.55,39

6. bekkur stelpur

1. Matthildur Einarisdóttir Salaskóla	3.07,17
2. Tinna Sól Björgvinsdóttir Lindaskóla	3.07,60
3. Telma Sól Bogadóttir Lindaskóla	3.08,91

6. bekkur strákar

1. Þorvaldur Tumi Baldursson Álfhólsskóla	2.44,33
2. Gunnar Bergmann Sigmarsson Flataskóla	2.45,75
3. Ólafur Höskuldsson Lágafellsskóla	2.49,64

7. bekkur stelpur

1. Daníella Dögg Guðnadóttir Lindaskóla	2.43,95
2. Hrafnhildur Ólafsd. Sjalandskóla	2.50,55
3. Elín Helga Ingadóttir Flataskóla	2.54,73

7. bekkur strákar

1. Arvid Jónsson Lágafellsskóla	2.38,22
2. Nökkvi Már Nökkvason Sjalandskóla	2.44,89
3. Ívar Fannar Arnarsson Lindaskóla	2.45,97



Sundmót

Meistaramót UMSK var haldið helgina 19.-20. október í Kópavogslaug í umsjón Sunddeildar Breiðabliks.

Keppin stóð yfir í tvo daga, föstudag og laugardag og heppnaðist mjög vel. Keppendur voru frá tveimur félögum þ.e. Breiðabliki og Aftureldingu.

Veitt voru verðlaun fyrir 1.-3. sæti í einstaklings- og boðsundum en þátttökuverðlaun fyrir alla 10 ára og yngri.

Bikarar veittir fyrir stigahæstu sundin:

12 ára og yngri

Brynjólfur Karlsson,
Breiðablik - 400 skrið - 374 stig
Sunna Svanlaug Vilhjálmisdóttir,
Breiðablik - 100 skrið 364 stig

13-14 ára

Ragnheiður Karlsdóttir,
Breiðablik - 400 skrið - 526 stig
Dávið Fannar Ragnarsson,
Afturelding - 400 skrið - 427 stig

15 ára og eldri

Viktor Máni Vilbergsson,
Breiðablik - 100m fjórsund - 545 stig
Guðný Erna Bjarnadóttir,
Breiðablik - 100 skrið - 535 stig.



Forvarnardagur 2012



Forvarnardagur 2012 var haldinn 31. október. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Verkefnið var unnið í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmennti sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmennti bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna.



Meistaramót UMSK í handbolta

Meistaramót UMSK í handbolta var endurvakið í 2011 en þá var einungis keppt í karlaflokki. Ákveðið var að halda áfram með mótið í ár og bæta við kvennaflokki. Mótið var haldið í lok ágúst og hafði Handknattleiksdeild HK veg og vanda að því.

Í kvennaflokki sigraði lið Gróttu. Markahæst var Hanna G. Stefánsdóttir í Stjörnunni en hún skoraði hvorki meira né minna en 31 eitt mark í leikjunum þremur. Dómnefnd valdi síðan Heiðu Ingólfssdóttur, markmann úr Gróttu, sem besta leikmann mótsins.

Í karlaflokki sigraði lið Aftureldingar. Örn Ingi Bjarkason úr Aftureldingu var valinn besti leikmaður mótsins og Eyþór Magnússon úr HK var markahæstur.

Könnun um ánægju iðkenda.

Íþróttthreyfingin stóð fyrir gerð rannsóknar á ánægju iðkenda í íþrótt- og ungmennafélögum. Það voru nemendur í 8. -10. bekk sem tóku þátt í rannsókninni en hún var hluti af reglulegri könnun sem Rannsókn og greining gerir meðal íslenskra skólabarna. Til þess að rannsóknin væri marktæk þurfti ákveðin lámarksfjöldi iðkenda hjá hverju félagi. Níu félög innan UMSK uppfylltu þær kröfur og fengu sérstaka skýrslu. Gerð var sérstök skýrsla fyrir UMSK í heild. Sambandið kom mjög vel út bæði hvað varðar ánægju iðkenda og neyslu áfengis, tóbaks og annara vímuefna. Það er ljóst að félögin innan UMSK eru að gera góða hluti og mega vera stolt af starfi sínu.

Hér koma helstu niðurstöður fyrir UMSK í heild varðandi vímuefni greint niður á þá sem stunda íþróttir 1x eða oftar í viku með íþróttafélagi og þá sem stunda ekki íþróttir:

	Meðaltal UMSK Stunda/stunda ekki	Meðaltal landið Stunda/stunda ekki
Daglegar reikingar:	1% / 3%	1% / 4%
Ölvun síðustu 30 daga:	2% / 5%	3% / 6%
Munntóbaksnotkun:	1% / 4%	2% / 5%

Niðurstöður viðhorfs iðkenda til æfinga, þjálfara og íþróttafélags:

	UMSK	Landið í heild
Mér finnst gaman á æfingum	88%	86%
Ég er ánægð/ur með félagið mitt	88%	85%
Ég er ánægð/ur með þjálfarann minn	87%	85%
Ég er ánægð/ur með æfingaaðstöðuna	83%	78%

Formannafundur

Formannafundur UMSK var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal fimmtudaginn 8. nóvember. Aðalefni fundarins var kynning á niðurstöðum úr rannsóknnum Rannsóknar og greiningar um ánægju iðkenda. Einnig kynnti Lottónefndin niðurstöður sínar.



Línudansmót UMSK 2012

Línudansmót UMSK 50+ var haldið í Mosfellsbæ í marsmánuði. Átta lið mættu til keppni og hundrað og tíu keppendur. Sigurvegari var lið frá Glóðinni í Kópavogi sem kallast Glóð 3. Í öðru sæti voru Gulir og glaðir frá Akranesi og í því þriðja Kópar úr Kópavogi.



Landsmót 50+ í Mosfellsbæ

Landsmót UMFÍ fyrir fimmtíu ára og eldri var haldið í Mosfellsbæ 8. -10. júní. Mótið var í umsjón UMSK en framkvæmd þess að mestu í höndum aðildarfélaganna í Mosfellsbæ. Mótið heppnaðist mjög vel og hátt í áttahundruð þátttakendur mættu bæði í sýningar og keppni. Aðstaða til að halda slíkt mót er einstaklega góð í Mosfellsbænum þar sem stutt er á milli allra keppnissvæða. Það ásamt vel heppnaðri framkvæmd og einstaklega góðu veðri gerði það að vel flestir keppendur og gestir fóru heim með góðar minningar af mótinu.

Samhliða keppninni var ýmislegt í boði fyrir aðra en keppendur og gátu áhugasamir reynt sig í hinum ýmsu íþróttum og fengið mælingar á líkamsástandi.

Í tengslum við mótið stóð sambandið fyrir námskeið fyrir dómara í boccía sem var mjög vel sótt.





Afreksmannasjóður UMSK

Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum þrisvar sinnum á árinu til 246 einstaklinga. Mikil aukning hefur verið á fjölda umsókna og tók stjórnin þá ákvörðun að styrkja alla, sem uppfylltu skilyrðin, um lágmarks upphæð. Sjóðurinn styrkir eingöngu þátttöku í Norðurlanda-, Evrópu-, eða heimsmeistaramótum. Það er greinilegt af fjölgun umsókna að styrkleiki iðkenda innan sambandsins er að verða meiri. Keppendur koma einnig úr fleiri greinum í ár eða samtals úr tólf íþróttagreinum.



Á síðasta ársþingi UMSK var samþykkt að breyta reglugerð Afreksmannasjóðs á þann veg að sjóðsstjórn er heimilt að úthluta ákveðnum styrkjum til þjálfara til að sækja námskeið erlendis. Átta þjálfarar fengu styrka á árinu til að sækja námskeið af þessu tagi.

Í stjórn úthlutunarnefndar Afreksmannasjóðs eru eftirfarandi: Albert Valdimarsson UMSK, Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki, Andri Sigfússon Gróttu og Sigurður Gunnarsson Stjórnumni.



Hlaupamark

UMSK keypti á árinu uppblásið mark. Markið er ætlað sem endamark í hlaupum og er 7m breitt og 3m á hæð. Auðvelt er að setja markið upp og taka niður. Miklir möguleikar á að selja auglýsingar á markið. Markið er leigt út en fæst endurgjaldslaust til aðildarfélaga UMSK.



Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi

Fimmtánda Unglingalandsmót UMFÍ var haldið um verslunarmannahelgina á Selfossi. Mikill fjöldi keppenda af UMSK svæðinu tók þátt og niðurgreiddi sambandið þátttökugjöldin fyrir sína keppendur um 2.500 kr. Aldrei hafa keppendur á Unglingalandsmóti verið fleiri en um tvöþúsund voru skráð til leiks og þar af tvöhundruð og fimmtíu frá UMSK.

Keppnisgreinar hafa heldur aldrei verið fleiri en að þessu sinni eru þær voru fjórtán talsins. Knattspyrnukeppnin var fjölmennust en á eftir henni kom frjálsar íþróttir og körfubolti.

Mótið var í alla staði vel heppnað og mótshöldurum (HSK) til sóma.



Lottónefnd UMSK

Lottónefnd UMSK var skipuð í kjölfar síðasta þings til að koma með tillögu að breytingum á reglugerð um skiptingu Lottósins. Tillaga nefndarinnar verður tekin fyrir á þinginu en áður hafði hún verið kynnt á formanafundi UMSK.

Í nefndinni sátu:

Gumundur Sigurbergsson Breiðabliki formaður, Birgir Bjarnason HK, Helga Jóhannesdóttir Aftureldingu, Arnar Ólafsson Gerplu, Eiríkur Á. Guðjónsson Álftanesi, Ingi Þór Hermannsson Oddi og Þorsteinn Ragnarsson Gusti.



UMSK 90 ára

Þann 19. nóvember varð UMSK 90 ára. Sambandið var stofnað þennann sama dag árið 1922. Það voru fjögur félög sem stóðu að stofnun þess þ.e. Umf. Reykjavíkur, Afturelding í Mosfellsbæ, Drengur í Kjós og Umf. Miðnesinga í Sandgerði. Við stofnun sambandsins voru félagsmenn um tvö hundruð og sextíu að tölu en níutíu árum seinna eru félagsmenn komnir yfir fimmtíu og fjögur þúsund.

Í tilefni af 90 ára afmæli UMSK fékk sambandið Jón M. Ívarsson til að skrifa sögu sambandsins. Jón hefur lokið við fyrsta kafla sögunar sem nær yfir fyrstu árin þ.e frá 1922 – 1942. Söguna má finna á heimasíðu UMSK.

Í afmælinu voru veittar viðurkenningar til einstaklinga sem unnið hafa í langan tíma innan aðildarfélaganna og UMSK og gert stóráttak í félagsstörfum.




Fjórir einstaklingar fengu gullmerki UMSK og átta fengu silfurmerki UMSK.

Gullmerki UMSK

Logi Kristjánsson Breiðablik
 Ingibjörg Hinriksdóttir Breiðablik
 Þorsteinn Einarsson HK
 Hlynur C. Guðmundsson Aftureldingu
Silfurmerki UMSK
 Andrés Pétursson Breiðablik
 Skúli Skúlason Golfklúbburinn Kjölur
 Lárus Blöndal Stjörnunni
 Eysteinn Haraldsson Stjörnunni
 Lovísa Einarsdóttir Stjörnunni
 Páll Grétarsson Stjörnunni
 Guðrún Kristín Einarsdóttir Afturelding
 Bóel Kristjánsdóttir Afturelding





Fréttir 2012



Vorfundur UMFÍ

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Selfossi laugardaginn 5. maí 2012. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, setti fundinn, en yfir 40 fulltrúar ungmenna- og héraðssambanda sátu fundinn.

38. sambandsráðsfundur UMFÍ

Yfir 50 manns sátu 38. Sambandsráðsfund Ungmennafélags Íslands sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri dagana 12.–13. október sl. Fundurinn var starfsamur og voru 26 tillögur samþykktar á honum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, sagðist í lok fundarins vera ánægð og hún liti björtum augum fram á veginn fyrir hönd hreyfingarinnar.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum

Starfsemi Ungmenna- og tómstundabúðanna er sífellt að festast betur í sessi hjá skólum landsins. Mikið er orðið um að kennarar komi aftur og aftur á Laugar enda láta þeir vel af dvölinni. Þátttakendur síðasta starfsvetur voru 1350, víðsvegar af landinu, flestir koma af höfuðborgarsvæðinu.

2. Landsmót UMFÍ 50+ í Mosfellsbæ

Dagana 8.–10. júní sl. var 2. Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Mosfellsbæ. Mótshaldari var UMSK. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði. Mótshaldið allt gekk eins og fyrirfram var áætlað og ekkert stórvægilegt kom upp sem raskaði dagskrá á einn eða annan hátt. Aðstaða til keppni í Mosfellsbæ var öll til fyrirmyndar því að var hægt að keppa í um 20 keppnisgreinum. Einnig var mikið lagt upp úr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Mótið í Mosfellsbæ sýndi að Landsmót UMFÍ 50+ eru komin til að vera. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega í blíðskaparveðri alla mótisdagana.

15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi

Dagana 3.–5. ágúst sl. var 15. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Selfossi. Undirbúningur hafði staðið lengi og gengið samkvæmt öllum áætlunum og tímasetningum. Öflug framkvæmdanefnd (unglingalandsmótsnefnd) kom að undirbúningnum af miklum krafti og skilaði mjög góðri vinnu. Formaður nefndarinnar var Þórir Haraldsson. Guð-

rún Tryggvadóttir var ráðin sem verkefnisstjóri með starfsaðstöðu á Selfossi og vann hún að undirbúningi mótsins með Ómari Braga Stefánssyni, landsfulltrúa og framkvæmdastjóra mótsins. Mótshaldið allt gekk eins og fyrirfram var áætlað og ekkert stórvægilegt kom upp sem raskaði dagskrá á einn eða annan hátt. Keppendur á Unglingalandsmóti hafa aldrei verið fleiri en á Selfossi en rétt um 2.000 keppendur voru þar saman komnir. Öll aðstaða var til fyrirmyndar á Selfossi og á það jafnt við um keppnisgreinar sem og tjaldsvæði mótsgesta. Sveitarfélagið Árborg lagði svo sannarlega sitt á vogarskálarnar til að gera mótið allt hið glæsilegasta.

Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin á Hvolsvelli dagana 29.–31. apríl 2012. Þetta er í þriðja sinn sem UMFÍ stendur fyrir slíkri ráðstefnu í þeim tilgangi að styðja við lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu..

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalags íslenskra skáta og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fór á haustmánuðum 2012 í hringferð um landið með 90 mínútna fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála fyrir aðildarfélög. Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur flutti fyrirlestra byggða á nýútkominni bók sinni, Ekki meir, sem er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög, foreldra og börn.

Ungmennavika NSU

Fimm ungmenni sóttu ungmennaviku á vegum NSU á Grænlandi dagana 1.–12. ágúst síðastliðinn. Vikan, sem var nú reyndar rúmlega vika, bar heitið Arsarnerit eða Norðurljós. Gunnar Sigfússon var fararstjóri á vegum UMFÍ í ferðinni. Á Grænlandi kynntust ungmenntin landi og þjóð, öðrum norrænum ungmennum og tóku þátt í undirbúningi að hátíðahöldum fyrir börn í Nuuk.

Ungmennaráð UMFÍ

Mikill hugur er innan Ungmennaráðs UMFÍ. Ráðið tók þátt í að skipuleggja ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin var í mars sl.

Fyrirmyndarleikmaðurinn

Fyrirmyndarleikmaðurinn er átaksverkefni gegn munntóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks, á vegum embættis Landlæknis, UMFÍ, KSÍ, ÍSÍ og ÁTVR. Herferðinni er einnig beint gegn notkun tobaks á íþróttasvæðum. Forystumenn íþróttafélaganna eru hvattir til að fylgja eftir ályktun íþrótt- og sersambanda um að útrýma allri notkun tobaks úr öllu íþróttastarfi.

Forvarnadagurinn

Þann 31. október sl. var Forvarnadagurinn haldinn í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta var í sjöunda sinn sem dagurinn er haldinn. Kynnt voru ýmis heillaráð sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum.

Baráttudagur gegn einelti

Þann 8. nóvember sl. var í annað sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti. Íslendingar voru hvattir til þess að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnustöðum. Allir voru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrífist í samfélaginu. Fólki var hvatt til að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og starfsanda.

ISCA

Tveir þátttakendur á vegum UMFÍ tóku þátt í námskeiði í Glasgow dagana 18.–24. júní sl. Námskeiðið bar yfirskriftina Training of Trainers in Education. Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi, sótti ásamt tveim þátttakendum á vegum UMFÍ ráðstefnu á vegum ISCA í Xonrupt-longemer í Frakklandi dagana 18.–25. ágúst sl.

UMFÍ tók þátt í stóru verkefni 1.–7. október sl. á vegum ISCA sem bar yfirskriftina MOVE WEEK eða Heilsuvika. MOVE WEEK er herferð sem ISCA ætlar sér að verði enn stærra verkefni á næstu árum. Markmiðið er að árið 2020 verði 100 milljónir Evrópubúa farnar að hreyfa sig reglulega. Takmarkið að þessu sinni var að fá sem flesta Evrópubúa til að hreyfa sig fyrstu vikuna í október og hvetja til heilbrigðs lífsstíls.

Prastaskógur

Starfið í Prastaskógi gekk sinn vanagang síðasta sumar. Ungmennafélag Íslands tók upp samstarf við Landsvirkjun í verkefninu Margar hendur vinna létt verk. Verkefnið er með þeim hætti að 5 til 7 ungmenni á vegum Landsvirkjunar vinna eina vinnuviku í skóginum við grisjun, klippingar og lagningu trjákurls á hluta af stígakerfi skógarins.

Göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undanfarin ár. Bókin er alls 128 blaðsíður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðs vegar um landið. Í bókinni er einnig að finna 24 fjöll sem eru í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d. um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni er dreift á alla helstu ferðamannastaði á landinu sem og sundlaugar og íþróttahús.

Ganga.is

Vefurinn ganga.is er alltaf vinsæll en aldrei vinsælli en yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma fjöldann allan af gönguleiðum um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á síðunni er einnig hægt að halda utan um eigin hreyfingu allt árið. Margir nýta sér þann valkost að halda utan um þau fjöll sem gengið hefur verið á.

Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem hefur slegið í gegn hjá UMFÍ.

Mikill fjöldi hefur tekið þátt í þessu verkefni frá vori og fram á haust. Tuttugu sambandsaðilar hafa tilnefnt fjöll til verkefnisins og skipulagt göngur á þau fjöll. Fjölskyldur eru hvattar til að ganga á þau öll sem eru tilnefnd og skrifa nöfn sín í gestabækur sem komið er fyrir á tindum fjallanna. Í vor fékkst styrkur frá Pokasjóði og Ferðamálastofu til að setja skilti við upphafsstaði á nokkrum fjöllum sem hafa verið inni í verkefninu.

Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! hófst 5. júní eins og árið þar á undan. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri, og hægt var að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni, hópa/fyrirtækjakeppni eða vera með í báðum keppnunum. Þátttakendur skráðu hreyfingu sína inn á ganga.is eða þau fjöll sem þeir hafa gengið á. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig sem mest og ýta undir aukna samverustundir fjölskyldunnar.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára. Ungmennin koma saman á hádegi á mánudegi en skólanum lýkur á hádegi á föstudegi í sömu viku. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum.

Lýðháskólar

Í janúar 2012 héldu 16 nemendur víðs vegar af landinu til náms í íþróttalýðháskólum í Danmörku.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið á vegum UMFÍ. Lögð er áhersla á að bjóða upp á námskeið sem gagnast félagsmönnum sem best. Megináhersla hefur verið lögð á námskeiðin Síndu hvað í þér býr. Á námskeiðunum er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku og fundarsköpum. Námskeiðin hafa hlotið góðan hljómgrunn.

Skinfaxi

Fimm blöð af Skinfaxa komu út á síðasta ári. Sérstakt blað kom út í tengslum við 2. Landsmót 50+ sem haldið var í Mosfellsbæ og fór eins og önnur blöð í mjög góða dreifingu um allt land. Dreifing á blaðinu hefur aldrei verið eins öflug og á síðasta ári. Það var mikill akkur fyrir blaðið þegar náð samkomulag náðist við N1 um dreifingu blaðsins á þjónustustöðvar fyrirtækisins vítt og breitt um landið.

Eldri ungmennafélagar

Eldri ungmennafélagar er málaflokkur sem mun stækka mjög í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+. Innan UMFÍ er nefnd sem vinnur að því að efla starf eldri ungmennafélaga. Nefndin hefur fundað reglulega og unnið að ýmsum hugmyndum sem stefnt er á að hrint verði í framkvæmd nú strax í vetur. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra hefur verið með aðstöðu í þjónustumiðstöð UMFÍ í nokkur ár og hefur það samstarf reynst mjög vel.

Starfsíþróttir

Iðkun starfsíþróttar fer vaxandi innan UMFÍ og er það vel, því það eykur fjölbreytni verkefna innan hreyfingarinnar. Starfsíþróttarkepping UMFÍ 2012 var haldið í lok apríl á Sel-fossi og var það fyrsta þing ráðsins eftir stofnþing.

Fréttapunktur frá ÍSÍ



Íþróttabing ÍSÍ 2013

71. Íþróttabing ÍSÍ verður haldið á Icelandair Hótel Reykjavík Natura dagana 19.-20. apríl nk.

100 ára afmæli ÍSÍ

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu 28. janúar 2012. Fjölbreyttir afmælistengdir viðburðir fóru fram á afmælisárinu og gefin var út bókin „ÍSÍ – Saga og samfélag í 100 ár“ þar sem stiklað er á stóru í sögu ÍSÍ og íþróttanna í landinu. Bókin er til sölu hjá flestum stærstu bókaverslunum í landinu. Sambandsaðilar ÍSÍ tengdu einnig ýmsa skemmtilega og athyglisverða fræðslu- og íþróttatengda viðburði á sínu svæði við afmælið.

EOC fundaði á Íslandi

Í tengslum við afmæli ÍSÍ fundaði stjórn Evrópsku ólympíunefndanna-EOC í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 26.-27. janúar 2012. Stjórnin var einnig viðstödd afmælishátíð ÍSÍ og var það mikill heiður fyrir ÍSÍ að hafa svo háttsetta aðila úr ólympíuhreyfingunni með í hátíðahöldunum.

Heiðurshöll ÍSÍ

Á afmælisárinu setti ÍSÍ á stofn Heiðurshöll ÍSÍ. Vilhjálmur Einarsson þrístökkvari varð fyrstur útnefndur í Heiðurshöllina á afmæli ÍSÍ 28. Janúar 2012. Bjarni Ásgeir Friðriksson júdókappi og Vala Flosadóttir stangarstökkvari voru síðan útnefnd í Heiðurshöllina 29. desember 2012.

Fundur norrænna íþróttaleiðtoga

Árlegur fundur norrænna íþróttasambanda og ólympíunefnda var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði í september 2012. Fundurinn var vel sóttur og heppnaðist afar vel.

Fundur með fulltrúum stjórnmalaflokka

Í tengslum við árlegan Formannafund ÍSÍ var haldinn fundur með fulltrúum stjórnmalaflokka þar sem færi gafst á að ræða um stefnu þeirra og skoðanir varðandi málefni íþróttahreyf-



ingarinnar. Fulltrúar mættu frá Framsóknarflokknum, Hreyfingu, Samfylkingunni, Sjálfstæðisflokknum og Vinstri grænum.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2012 voru 61,7 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011 og 60,5 m.kr. fyrir árið 2012. Framlag fyrir árið 2013 verður 70 m. Króna.

Heimasíða ÍSÍ

Ný heimasíða ÍSÍ var tekin í notkun árið 2012 í kjölfar samnings ÍSÍ við Advania um rekstur tölvukerfa Íþróttamiðstöðvarinnar. Slóðin á heimasíðu ÍSÍ er sem fyrr www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og

sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig með Fésbókarsíðu.

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur utan um tölfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnþæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Felix-kerfið leit dagsins ljós árið 2003 og nú er að störfum vinnuhópur ÍSÍ og UMFÍ um endurskoðun á skráningarkerfi hreyfingarinnar.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSÍ á landsvísu. Bæði 1. og 2. stig ÍSÍ hafa verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn.

Vinna við gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar er langt komin og er hún m.a. unnin í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Undirbúningsvinna fyrir þjálfaramenntun 4. og 5. stigs sem er á háskólastigi er þegar hafin.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru um 120 talsins. Sér sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Háskólanum í Reykjavík.

Fræðsluefni ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku bæði fyrir afreksmanninn og hinn almenna íþróttamann. Þetta efni má nálgast bæði rafrænt á heimasíðunni og í útprintuðum bæklingum sem má nálgast á skrifstofunni. Á heimasíðunni má einnig finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni svo að eitthvað sé nefnt.

Íþróttaslyssjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknikostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2013 sendir ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni; Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Brasov í Rúmeníu í febrúar, Smáþjóðaleikana í Luxemborg í júní og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í júlí.

Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tók þetta verkefni lengra í ár og skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum, „Ólympíuviku ÍSÍ“. Meðal þess



sem í boði var í Ólympíuvíkunni var strandblak, skýlmíngar, bogfimi, frjálsar íþróttir, keila, Knattþrautir KSÍ, Sunddagar SSÍ, Golfdagur GSÍ og margt fleira.

Úthlutun styrkja

Á árinu 2012 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 104 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 11 m.kr. Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

Almenningsíþróttir

Mikil þátttökaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 6.-26. febrúar og grunnskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 1.-19. febrúar, síðan er framhaldsskólakeppni frá 3. – 16. október.

„Hjólað í vinnuna“ stendur yfir í þrjár vikur eða frá 8.-28. maí nk.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fer fram 8. júní í ár.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sér sambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

140 sýni voru tekin á árinu 2011, þar af 80 sýni eða 57% í keppni. Lyfjapróf voru tekin í 22 íþróttagreinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðra. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreytilegri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, www.lyfjaeftirlit.is.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2011 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Afreksmannasjóður UMSK



Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem fengnar eru frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópu mótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sér-sambandi).
2. Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvals hóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
4. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupphæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
5. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
6. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
7. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
8. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.
9. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

Reglugerð um heiðursveitingar UMSK



1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélagin.
2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélagin.
3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélag verulega.
5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. Afrekshópur UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. UMFÍ-bikarinn skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. Frjálsíþróttabikar UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.
11. Dansbikar UMSK, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skar að hefur fram úr í dansi á liðnu ári.

Frá félögum



Ungmennafélagið Afturelding



Aðalfundur Aftureldingar vegna ársins 2011 var haldinn 29. mars 2012. Þar tók Guðjón Helgason við formennsku í félaginu af Sæv-ari Kristinssyni, Guðjón hafði árið áður verið varaformaður. Einnig voru þau Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Helga Jóhannesdóttir og Hekla Klemenzdóttir kosin sem aðalmenn og Gylfi Gíslason og Kristín Reynisdóttir kosin sem varamenn. Félagsmenn Aftureldingar eru um 3.500 og þar af iðkendur um 1.250 í 10 deildum.

Á starfsárinu var mikið kapp lagt á að koma félaginu í fjárhagslegt jafnvægi. Hefur þessi vinna skilað miklum árangri og eru fjármálin inni í félaginu á góðum stað.

Samningur um Frístundafjör fyrir fyrstu bekkir grunnskóla var endurnýjaður fyrir þetta starfsár og hefur verið mikil ánægja með framkvæmd hans. Markmið Frístundafjörnsins er að kynna allar íþróttir jafnt fyrir þessum aldurflokkum. Samkvæmt könnunum sækja 79% allra barna í 1. og 2. bekk í Mosfellsbæ Íþróttafjör Aftureldingar sem telst vera góður árangur.

Íþróttamenn og iðkendur félagsins hafa margir náð góðum árangri á árinu Gróskumikið starf var í öllum deildum félagsins á árinu og flestar deildir státa af Íslandsmeisturum, deildarmeisturum, Íslandsmetum og/eða landsliðsfólki en innan Aftureldingar starfa 10 deildir. Íþróttamenn Aftureldingar komu að þessu sinni bæði úr röðum knattspyrnudeildar en þau Lára Krstín Pedersen og Wentzel Steinarr Ragnarsson Kamban voru valin íþróttakona og íþróttakarl félagsins - þau tvö voru einnig valin íþróttakona og íþróttakarl Mosfellsbæjar.

Félagið hefur í nokkra mánuði verið í viðræðum við Mosfellsbæ um úrbætur á nýjum heildarsamningi við félagið. Afturelding hefur mátt setta sig við skert framlög frá bæjaryfirvöldum síðustu ár sem hefur sett margar deildir innan félagsins í erfið mál. Von er á að þessar samningaviðræður muni skila nýjum og bætum samningi við félagið.

Að lokum eru það mikil gleðitíðandi að hafist hefur verið handa við byggingu á nýju fjölnota íþróttahúsi sem ætlað er að hýsi fimleikadeild félagsins sem og karate- og taekwondodeild. Áætluð verklok hússins eru í október á þessu ári.



UMFÁ



Aðalfundur UMFÁ var haldinn 13. mars 2012 í íþróttamiðstöð Álftaness.

Eftirfarandi einstaklinar voru kjörnir í stjórn:

Guðjón Þorsteinsson formaður, Eiríkur Ágúst Guðjónsson, varaformaður, Einar Georgsson gjaldkeri, Sveinborg Lovísa Hauksdóttir ritari, Birgir Karl Ólafsson, Þorgerður Kristinsdóttir og Sandra Magnúsdóttir. Aðalfundurinn samþykkti veigamiklar lagabreytingar, sem fela meðal annars í sér aukna ábyrgð stjórnarmanna. Stjórn félagsins er nú skipuð sjö einstaklingum en var áður mynduð af fimm stjórnarmönnum.

Ungmennafélag Álftaness er með 5 deildir starfræktar, þ.e. knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, tennisdeild, blakdeild og frjálsíþróttadeild. Félagið er einnig í samstarfi við sunddeild Stjörnnunnar og boðið er upp á æfingar í Álftaneslaug auk þess sem iðkendur UMFÁ eiga kost á að sækja æfingar í Garðabæ. Þetta er fjórða árið sem félögin eru í samstarfi og hefur það mælst vel fyrir. Sunddeild Stjörnnunnar sér einnig um sundnámskeið leikskólabarna á sumrin í Álftaneslaug. Alls er um 350 börn sem stunda íþróttir hjá yngri flokkum UMFÁ.

Knattspyrnudeildin býður upp á æfingar, sem kallast "Bolti og leikur" en þær eru ætlaðar börnum á leikskólaaldri. Þar er boðið upp á léttar fótboltaæfingar í bland við þrautabrautir og aðrar æfingar sem stuðla að aukinni hreyfifærni barnanna. Mikið er lagt í þessar æfingar og þátttakan hefur verið frábær.

Blak er vaxandi íþróttagrein á Álftanesi og þá aðallega hjá fullorðnum. Nú eru bæði starfandi karla- og kvennablahópar sem taka þátt í Íslandsmóttinu.

Félagið býður upp á íþróttaskóla barnanna sem fyrr en þar geta börn á leikskólaaldri stundað alhliða hreyfinám undir handleiðslu þriggja íþróttifræðinga. Ætla má að yfir 80% leikskólabarna á Álftanesi stundi einhverja hreyfingu hjá félaginu, annað hvort í íþróttaskólanum eða í "Bolta og leikja" tímunum.

Skokkhópur var formlega stofnaður árið 2010. Forsvarsmenn hópsins hafa aðstoðað nýliða við að komast af stað og hefur hlaupurum fjölgað töluvert á síðustu mánuðum.

Almenningi stendur til boða að sækja svokallaða "þrektíma" en þar reynir á þol og þrek iðkenda gegnum fjölbreyttar aðferðir. Reyndur íþróttifræðingur heldur utan um æfingarnar og iðkendur fá m.a. að kynnst hotyoga, tabata og fitnessbox.

Félagið útnefndi íþróttamann UMFÁ í þriðja sinn um áramóttin. Sverrir Bartolozzi, margfaldur Íslandsmeistari í tennis, varð fyrir valinu en þetta er í annað sinn sem hann hlýtur þess nafnbót.



Andvari



Aðalfundur hestamannafélagsins Andvara var haldinn í Félagsheimili Andvara í nóvember 2011. Formaður félagsins er Ingibjörg G. Geirsdóttir, varaformaður er Guðjón Árnason, gjaldkeri er Geirprúður Geirsdóttir. Meðstjórnendur eru Hrafnhildur Pálsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson. Varamenn eru Erla Guðný Gylfadóttir og Sigurður Helgi Ólafsson. Árið 2012 eru félagsmenn alls 568. Þar af 309 á aldrinum 17-69 ára, 224 eru 16 ára og yngri og 35 eru 70 ára og eldri.

Andvari er með mjög öflugt íþrótt- og félagsstarf. Æskulýðsstarfið er mjög virkt og má þar nefna námskeið sem eru í boði: Knapamerki, keppisnámskeið, pollanámskeið og barnanámskeið að auki má nefna þátttaka í Æskunni og hestinum. Á hverju ári eru líka haldin fjölmörg mót á vegum Andvara: þrennir vetrarleikar, opið þrígangsmót, smalamót, Æskulýðsmót, karlatölt, firmakeppni, íþróttamót, gæðingamót og Metamót. Nefndir Andvara, sem allar eru mjög öflugar og virkar, standa fyrir fjölbreyttri dagskrá á hverju ári svo sem sameiginlegum reiddtúrum, umhverfisdegi, námskeið fyrir fullorðna og ýmiskonar skemmtanir.

Saga Andvara kom út í desember 2012. Í Sögu Andvara er rakinn aðdragandinn að stofnun lítills hestamannafélags í Garðahreppi hinn 5. apríl 1965 og er saga félagsins rakinn allt fram til loka árið 2012. Helgi Sigurðsson dýralæknir og sagnfræðingur skrifaði söguna, í því starfi býr Helgi m.a. að mikilli þekkingu eftir áratugastarf sem dýralæknir á höfuðborgarsvæðinu. Bókin er vönduð að allri gerð, um 260 bls. og prýðir hana fjöldi ljósmynda.

Hægt er að kaupa bókina á sagaandvara@gmail.com.

Keppendur í pollaflokki: Jóhann Már Ólafsson og Birta frá Böðvarshólum, Guðný Dís Jónsdóttir og Röðull frá Miðhjáleigu og Elva Dís Jónsdóttir og Seifur frá Flugumýri.

Núna eru tímamót í sögu Andvara þar sem félagið hefur verið sameinað með Gusti í stærra félagi: Hestamannafélagið Kjóavöllum. Í félaginu eru nú þegar margir félagsmenn eða um 1.000 manns og er uppbygging þegar hafin á Kjóavöllum og verður nýr völlur vígður 16. febrúar og áætlað að nýja reiðhöllin sem verður sú stærsta á landinu verði tilbúin í desember 2013. Að stofna nýtt félag gerist ekki á einni nóttu og hafa margir lagt sitt af mörkum til að útkoman verði sem glæsilegust. Fyrsti aðalfundur verður haldinn 19. febrúar 2013 og verður þá kosið nýtt nafn á félagið og kosið í nefndir og í nýja

stjórn. Nú þegar er félagsstarfið komið á fulla ferð og mikill áhugi hjá félagsmönnum. Fjöldinn allur af námskeiðum eru í boði bæði fyrir börn og fullorðna og eru uppi margar hugmyndir af nýjungum í þeim efnum þegar nýja reiðhöllin verður komin. Fjölmörg mót verða á vegum félagsins og þar á meðal verður Metamótið á sínum stað en það er eitt vinsælasta mót hestamanna. Það er því að nægu að taka og stefnir allt í það að félagið verði stærsta og glæsilegasta hestamannafélag á landinu.



Skautafélagið Fálkar

Skautafélagið Fálkar hélt aðalfund sinn þann 16. mars 2012. Sömu menn voru valdir til stjórn félagsins.

Starfsemi félagsins hefur fyrst og fremst snúist um að fá aðstöðu til iðkunnar skautafíróttu í Kópavogi þar sem ógerningur er að fá tíma fyrir starfseminu í þeim 2 skautahöllum sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Viðræður við bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa gengið hægt en menn eru hjartsýnir á að þetta hafist á endanum enda er svona ferðalag langhlaup en ekki sprettur.

Tekist var á um nafn félagsins við Skautafélag Reykjavíkur þegar að það ágæta félag ákvað að senda lið til keppni í Íslandsmótinu í íshokki undir nafninu SR Fálkar. Í stað þess að beina allri orku stjórnarmanna í þá baráttu var ákveðið á stjórnarfundi undir lok árs að setja stefnuna á að setja saman lið fyrir næsta keppnistímabil. Undirbúningur fyrir það er hafinn en enn er langt í land með að þau áform gangi eftir.

Félagsmenn eru spenntir fyrir næsta starfsári félagsins og höfum við fulla trú á að við munum ná framförum í okkar helsta baráttumáli á árinu. Skautahöll í Kópavogi er kannski fjarlægur draumur en við færumst sífellt nær því markmiði.



Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 5.júní síðastliðinn.

Eftirfarandi aðilar skipa stjórn félagsins:

Jón Finnbogason, formaður

Arnar Ólafsson

Harpa Þorlákssdóttir

Jane María Sigurðardóttir

Linda Laufdal Traustadóttir

Margrét Auðunsdóttir

Ragnheiður M Ólafsdóttir

Auður Inga Þorsteinsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins.

Starfstímabilið hjá Gerplu einkenndist af mjög umfangsmiklu starfi á öllum vígstöðvum. Þjónustustig félagsins hefur verið hækkað undanfarin ár og aukin áhersla lögð á gæðastýringu, eftirfylgni og samhæfingu milli þjálfara félagsins. Reksturinn er

umfangsmikill og er ljóst að harðnað hefur á dalnum undanfarið. Á hinn bóginn er einnig mikilvægt að halda því til haga að félagið hefur tekið töluvert fjármagn í endurnýjun tækja í fimleikasalnum og ljóst er að sú endurnýjun þarf að halda áfram á næstu árum.

Eftirsókn í Gerplu hefur undanfarin ár verið mikil og hefur félagið verið með biðlista í mörg ár. Hins vegar kom mjög á óvart þegar félagið stóð frammi fyrir þeirri gríðarlegu eftirspurn sem varð eftir æfingum hjá félaginu í haust. Yfir 1000 iðkendur voru þá á biðlista hjá félaginu. Slík staða gæti fljótt á litnið þótt ákjósanleg en er í raun mjög slæm þegar nánar er skoðað. Iðkendur hafa margir verið á biðlista í lengri tíma, allt upp í þrjú ár. Nú þegar er ljóst að þeir iðkendur sem eru hjá félaginu í dag í leikskólahópum muni ekki allir fá úthlutað plássi næstkomandi haust. Nýtingin á fimleikasalnum er gríðarleg og á álagstímum eru rúmlega 250 iðkendur í salnum í einu við æfingar. Það er því ljóst að stjórnendum félagsins biða ærin verkefni á næstu misserum við að koma þessu máli í sómasamlegan farveg.

Kópavogsbær og Gerpla hafa átt samskiptum á tímabilinu og er útlit fyrir að uppfærður þjónustusamningur verði undirritaður á næstu dögum.

Stúlkurnar í meistaraflokki Gerplu skipuðu landslið Íslands sem varði Evrópumeistaratitil sinn í hópfimleikum frá árinu 2010. Þetta er frábær árangur fyrir íslenskt íþróttalíf og einnig sögulegur sigur fyrir fimleikahreyfinguna í ljósi þess að aldrei áður hefur kvennaliði tekist að verja Evrópumeistaratitil sinn í greininni. Stúlkurnar eru handhafar allra titla innanlands sem og erlendis í greininni. Gerpla átti þrjár stúlkur í unglíngalandsliðinu sem einnig varð Evrópumeistari á sama móti. Gerpluiðkendur unnu til silfurverðlauna á Norður Evrópumóti í áhaldafimleikum sem og sýndu góða burði á Norðurlandamótum og heimsbikarmótum. Iðkendur Gerplu eru handhafar allra Íslandsmeistaratitla í áhaldafimleikum og hópfimleikum í fjölþraut.

Meistaraflokkur kvenna í hópfimleikum hlaut útnefninguna lið ársins hjá samtökum íþróttafréttamanna og Íris Mist Magnúsdóttir var einnig á lista íþróttafréttamanna yfir 10 bestu íþróttamenn landsins. Íris Mist var einnig kjörin íþróttakona ársins hjá Kópavogsbæ og liðið fékk útnefninguna, lið ársins. Íris Mist og Róbert Kristmannsson voru kjörin fimleikakona og fimleikamaður ársins hjá Fimleikasambandinu. Jón Finnbogason hlaut félagsmálaskjöld UMSK á árþingi sambandsins. Gerpla fékk hvatningarverðlaun frá Öryrkjasambandi Íslands fyrir að hafa eitt fimleikafélaga boðið upp á skipulegar æfingar fyrir fótluð börn frá árinu 1998.



Íþróttafélagið Glóð



Aðalfundur Glóðar var haldinn 20 janúar 2012 í Gjábakka. Ný stjórn var kosin þar sem formaður Lórens Rafn gaf ekki kost á endurkjöri og flestir stjórnarmenn höfnuðu endurkjöri.

Á fyrsta fundi stjórnar sem haldinn var 4. febrúar var ákveðið að stjórn og varastjórn ynnu saman og var stjórnin kosin á þessum fundi.

Stjórnin var þannig skipuð:

Formaður Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Varaformaður Lára Helgadóttir

Gjaldkeri Jóhanna Axelsdóttir

Varagjaldkeri Rósa Benonýsdóttir

Ritari Svanfríður Magnúsdóttir

Vararitari Rakel Pétursdóttir

Meðstjórnandi Ása Fanney Þorgeirsdóttir

Fulltrúi stjórnar í íþróttanefnd var kosin Rósa Benonýsdóttir

Fulltrúi stjórnar í Fræðslunefnd var kosin Ása Fanney Þorgeirsdóttir

Alls voru haldnir 20 stjórnarfundir á árinu 2012

Í fyrstu voru stjórnarfundir haldnir í íþróttahúsinu Kórnum og síðar í Gjábakka.

Glóð tók þátt í fjölmörgum mótum og sýningum á árinu og einnig var æfingastarfið gróskumikið. Hvorki fleiri né færri en 7 gull komu í hlut Glóðarfélaga á árinu 2 silfur og 3 brons. Helstu verkefni stjórnar voru að halda utan um starfsemi félagsins faglega og fjárhagslega. Gerðir voru samstarfsamningar við þjálfara félagsins.

Þar sem eignir félagsins eru alltaf að verða verðmætari t.d. búningar í eigu þess o.fl. ákvað stjórnin að stofnað skyldi nýtt embætti innan Glóðar þ.e. áhaldavörður. Fyrsti Áhaldavörður félagsins var tilnefndur Lórens Rafn Kristvinsson. Stjórninni bárust nokkrar beiðnir um að fá kynningu á Ringó. Þessum beiðnum var vísað til íþróttanefndar sem varð við þeim

Í fjáröflunar- og skemmtinefnd voru Erna Hartmannsdóttir, Sigurrós Geirmundsdóttir, Ragna Guðvarðardóttir. Nefndin stóð fyrir ýmsum mannamótum svo sem línudansböllum, dansiböllum, ferðalögum og flóamarkaði en hæst bar eins og undanfarin ár kaffisala félagsins á 17. júní í Gjábakka.

Þann 22. nóv. lögðu 45 Glóðarfélagar í sýningarferð til Kanarý en þeim hafði borist boð um að sýna þar. Sýningin tókst vel, vakti verðskuldaða athygli og var tilnefnd besta 50+atriði hátíðarinnar. Eitt af markmiðum stjórnar var að standa að Starfsdegi.

Þessi fyrsti starfsdagur Glóðar tókst í alla staði vel.

Að endingu vill formaður þakka stjórnarmönnum gefandi samstarf á liðnu starfsári og vona að öll ár Glóðar verði jafn farsæl og þetta sem nú er á enda.

Stjórnarmönnum - þjálfurum - nendafólki - iðkendum, öllum Glóðarfélögum, starfsmönnum UMSK og velunnurum flytur formaður bestu þakkir fyrir gott starf og samstarf. Án ykkar - engin Glóð.



Breiðablik



1. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins fyrir árið 2011 fór fram þann 15. maí 2012 og var hann að venju haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smára. Venuleg aðalfundarstörf.

2. Stjórn félagsins og formenn deilda

Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn.

Á aðalfundi félagsins þann 15. maí 2012 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn: Orri Hlökkversson, formaður, Hannes Strange, varaformaður, Sveinn Gíslason gjaldkeri, Björg Jónsdóttir, ritari, Sunna Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Guðmundur Sigurbergsson, meðstjórnandi, Ragnheiður Halldórsdóttir meðstjórnandi, Eiríkur Mörk Valsson, fjálsíþróttadeild, Sigurður Ingi Hauksson, körfuknattleiksdeild, Indriði Jónsson, karatedeild, Einar Kristján Jónsson knattspyrnudeild, Davíð Björnsson, skíðadeild, María Fanndal Birkisdóttir, sunddeild, Halldór Eypórsson, kraftlyftingadeild, Hlynur Örn Gissurarson, taekwondo deild.

Framkvæmdatjóri félagsins er Kristján Jónatansson.

3. Stutt yfirlit yfir starfið á árinu

Mikill og góður kraftur einkenndi starfið hjá Breiðabliki árið 2011 líkt og undangengin ár. Mikill fjöldi nýrra iðkenda hefur þátttöku íþróttanna hjá félaginu og telja félagar nú á þriðja þúsund. Margir góðir sigrar unnust utan vallar sem innan. Allar deildir reka öflugt æskulýðsstarf ásamt því að eiga afreksfólk í fremstu röð.

Sambandsping UMSK

Fulltrúar Breiðabliks fjölmenntu á 88. þing UMSK sem fram fór í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 9. febrúar 2012. Hlutu allmargir Blikar heiðursviðurkenningar á þinginu. Ester Jónsdóttir, Breiðabliki, var endurkjörin í stjórn UMSK.

Fyrir utan daglegan rekstur og verkefni má nefna eftirfarandi atriði úr starfi Breiðabliks árið 2012:

Svæðaskipting íþróttastarfs í Kópavogi

Haustið 2012 var tekið upp breytt fyrirkomulag er varðar aðgang íþróttafélaga að íþróttamannvirkjum í Kópavogi þar

sem horft er til svæðaskiptingar bæjarins til framtíðar. Þar er starfssvæði Breiðabliks fyrst og fremst skilgreint sem vesturhluti bæjarins frá Lindahverfi að telja.

Blikavagninn

Áherslur á svæðaskiptingu höfðu það í för með sér að þunginn í starfinu færðist með enn sterkari hætti í Smárann og Fífuna. Gripið var til þess ráðs að hefja akstur yngstu iðkenda á æfingar með sérstakri rútu, Blikavagninum. Á þennan hátt er iðkendum sem fjær búa Kópavogsdal auðveldað að koma á Breiðabliksæfingar. Mikil ánægja er með þetta framtak félagsins hjá íbúum bæjarins. Breiðablik stendur straum af rekstrarkostnaði rúttunnar.

Afreksskólinn

Afreksskólinn hefur verið starfræktur um 7 ára skeið hjá Breiðabliki. Markmið skólans er að bjóða efnilegustu iðkendum hvernar greinar fyrir sig upp á bestu mögulegar aðstæður til afreksæfinga. Í dag skiptir fjöldi nemenda við skólann mörgum tugum.

Stofnun skákdeilda

Haustið 2012 var stofnuð ný deild í Breiðabliki, skákdeild. Starfsemin hefur farið vel af stað og er kærkomin viðbóti við starf annarra deilda í félaginu.

Útgáfa

Líkt og undangengin ár var gefið út sameiginlegt kynningarblað Breiðabliks sem kemur út í byrjun vetrarstarfs undir heitinu „Hvað get ég gert í vetur?“. Þá gaf knattspyrnudeild út veglegt ársrit að venju. Bæði ritin er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðabliks.

Áramótabrenna

Blikabrennan var glæsileg að vanda og flugeldasýningin stóð fyrir sínu, en hún er í höndum Hjálparsveitar skáta í Kópavogi. Mörg þúsund manns sækja brennuna á hverju ári.

Sýningar, kosningar og fundir

Áhugi er fyrir því að fá Smárann og/eða Fífuna leigða undir ýmisskonar viðburði eins og sýningar, kosningar og aðra fundi. Allmargir slíkir viðburðir voru haldnir í húsunum á rekstrarárinu.



Hjólreiðafélagið Hjólamenn



Hjólamenn héldu 7 keppnir í hjólreiðum á árinu, og bar þar hæst Landskeppni við færreyjinga í ágúst, Snæfellsneshringurinn í júní og liðatímakeppni í maí.

Auk þess voru hannaðir og keyptir inn nýjir æfinga og keppnisbúningar fyrir félagið á árinu. Utanhúss hjólaæfingar á vegum Hjólamanna eru tvisvar í viku allt árið, en að auki er haldin ein æfing innanhúss yfir vetrartímann.



DÍK

Dansönninn byrjaði frá og með 4 janúar 2012. Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem DSÍ hélt árið 2012. Einnig tóku þau þátt á unglingalandsmóti sem haldið var á Selfossi, Lotto Open og Reykjavík International ásamt því að keppa á mörgum opnum mótum erlendis. Einnig unnu pör frá DÍK sér inn þátttökurétt til að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramótum.

Um Miðjan febrúar fóru mörg keppnispör til Kaupmannahafnar og tóku þátt í Copenhagen Open. Eitt par frá DÍK dansaði til úrslita í sínum aldursflokki og enduðu í 5. og 6. Sæti. En það voru þau Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir.

Stór hópur keppenda fór einnig á stóra keppni sem haldin er árlega í Blackpool á Englandi og gekk pörunum mjög vel. Einnig var farið í október aftur til Englands og keppt á nokkrum keppnum. Þar komust Elvar Kristinn og Sara Lind aftur í úrslit og unnu til verðlauna á tveimur keppnum af þrem.

Í september fóru Guðjón Bermann og Dröfn Farestveit á heimsmeistaramótið í ballroom í flokki ungmenna. Freypór Össurarson og Hrefna Dís Halldórsdóttir fóru á tvö heimsmeistaramót á haustmánuðum. Þau fóru í flokki fullorðna á HM í Latín og HM í ballroom sem haldið var í Ástralíu. Pörunum gekk vel á þessum keppnum og voru landi og félagi sínu til sóma.

Farið var í tvær æfingaferðir á árinu bæði með eldri og yngri keppnispörum og gekk það mjög vel í bæði skiptin.

Haldnir voru tveir sjónvarpsþættir á árinu þar sem pör frá félaginu létu ljós sitt skína. Hæfileikakeppni Íslands var haldin á Skjá einum og voru það Elvar Kristinn og Sara Lind sem unnu þá keppni með glæsibrag. Einnig var dansþáttur á RÚV sem nefndur var DANS-DANS-DANS og voru pör frá DÍK í þremur efstu sætunum þar. Alltaf ánægjulegt fyrir dansáhugafólk að sjá meira af dansi í sjónvarpi og vekja meiri áhuga á þessari skemmtilegu íþróttagrein.

Aðalfundur DÍK var haldin 14. maí 2012.

Stjórnin var eins og fyrir árið 2011

Formaður:

Ellen Dröfn Björnsdóttir -

Aðalstjórn.

Edgar Konráð Gapunay -

Rakel Ýr Ísakson -

Thelma Magúsdóttir

Perla Rúnarsdóttir

Varamenn:

Grétar Þór Björgvinsson

Jóhanna Jóhannsdóttir

Keppnispör dansskólans hafa verið mjög dugleg í fjáröflunum árið 2012, má þar nefna 17. júní sölutjald á Rútstúni, sala á matvælum, dósasöfnun, bingó og margt fleira.

Félagið tók þátt í Kópavogsdögum sem haldnir voru í september þar sem íþróttafélögin fengu að kynna sína starfsemi. Þar hélt DÍK upp stuðinu með dansi og leik.

Höskuldur Þór og Margrét Hörn fengu einnig viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu 2012 frá Kópavogsbæ. DÍK var með tæplega helming af pörum sem voru í Landsliði eða afrekshóp DSÍ á árinu eða 8 pör af 18 sem er glæsilegur árangur hjá einu félagi. Stjórnarmenn DÍK sóttu alla formannafundi sem haldnir voru á vegum DSÍ á árinu. Einn stjórnarmaður hjá DÍK hefur verið í stjórn DSÍ og einnig hefur félagið einn stjórnarmann í mótanefnd DSÍ.

Lokaorð.

Þetta er brot af því sem sem stjórn DÍK hefur unnið að á seinasta starfsári og hefur verið farið yfir helstu þætti starfseminnar. Starfið er margþætt og hefur það verið mög gefandi að fá að starfa með danspörunum ungu og foreldrum þeirra.



Gróttu



Innan Íþróttafélagsins Gróttu starfa nú fjórar deildir. Þrátt fyrir lítilsháttu fækkun barna á Seltjarnarnesi er mikill kraftur í starfi félagsins, enda mikið af góðu fólki sem gefur tíma sinn til að starfa fyrir Gróttu.

Íþróttamaður Gróttu 2012 var útnefndur í desember en það var kraftlyftingamaðurinn Aron Lee Du Teitsson sem varð fyrir valinu. Við sama tækifæri var Eva Björk Davíðsdóttir valin íþróttamaður æskunnar hjá félaginu. Sem fyrr var fjöldi iðkenda félagsins valinn til æfinga hjá landsliðum Íslands.

Aðalfundir allra deilda voru haldnir í mars 2012 og voru þeir ágætlega sóttir af félagsmönnum.

Aðalstjórn félagsins í dag skipa þessir:

Formaður, Haraldur Eyvinds

Varaformaður, Guðrún Kaldal

Gjaldkeri, Guðjón Norfjörð

Ritari, Unnur Halldórsdóttir Teits

Meðstjórnandi, Óskar Hrafn Porvaldsson

Kraftlyftingadeild Gróttu er yngsta deild félagsins, stofnuð í lok árs 2011 og telur nú um 100 félagsmenn. Starfið var „grjóthart“ og deildin fagnaði mörgum Íslandsmeistarátitlum á árinu og félagið varð bæði Íslands- og bikarmeistari.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Borghildur Erlingsdóttir

Ritari, Erla Kristín Árnadóttir

Gjaldkeri, Sigurður Örn Jónsson

Meðstjórnendur, Ingimundur Björgvinsson og

Aron Lee Du Teitsson

Varamenn, María Fjóra Pétursdóttir og Hulda Pjetursdóttir Handknattleiksdeild Gróttu hefur verið starfandi frá 1969. Gróttu teflir nú fram liði í efstu deild kvenna og í 1. deild karla. Unglingastarf deildarinnar er sem fyrr til mikillar fyrirmyndar.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Gunnar Gíslason
Gjaldkeri, Davíð Scheving
Meðstjórnendur, Davíð B Gíslason og Arnar Kormákur Friðriksson

Stjórn unglingaráðs skipa:

Formaður, Magnea Gylfadóttir
Gjaldkeri, Kolbeinn Gunnarsson
Meðstjórnendur, Þóra Sigurðardóttir, Sigurlaug Vilhelmsdóttir, Jóhann Róbertsson og Jóhannes Geir Benjamínsson
Knattspyrnudeild Gróttu er elsta deild félagsins. Félagið er með lið á keppni í 2. deild karla. Stórátak hefur verið gert í eflingu kvennaknattspyrnu og yngri flokkar dafna mjög vel.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Hilmar Sigurðsson
Gjaldkeri, Birgir Hákonarson
Ritari, Haukur Harðarson
Meðstjórnendur, Jón Sigurðsson, Árni Pétursson, Sigurður Hilmarsson og Halldór Eyjólfsson

Fimleikadeild Gróttu er sem fyrr fjölmennasta deild félagsins. Nokkuð þrengir að starfsemi, en vonir standa til þess að nýtt og stærra fimleikahús rísi á næsta ári.

Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir
Varaformaður, Auður Daniélsdóttir
Meðstjórnendur, Anna Jónsdóttir, María Björg Magnúsdóttir, Sigrún Hallgrímsdóttir og Kristján Mímísson



Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ



Aðalfundur félagsins var haldinn 17. desember 2012.

Í stjórn sitja:

Jóna Dís Bragadóttir formaður, Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri, Auður Sigurðardóttir ritari, Alexander Hrafnkelsson, Gyða Á. Helgadóttir, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Haraldsson, Gunnar Örn Steingrímsson, Gylfi Þór Þorsteinsson. Starfsmaður stjórnar er Ragna Rós Bjarkadóttir. Auk aðalstjórnar eru 20 nefndir

starfræktar í félaginu, þar sem mjög blómlegt starf fer fram. Við söfnum fé fyrir líknarfélög, við rekum heilbriggt barna- og unglingastarf, við höldum reiðnámskeið fyrir fatlaða og reynum að auka hreyfigetu þeirra með aðstoð hestsins. Við höldum góð íþróttamót og styðjum okkar keppnisknappa til að standa sig í íþóttinni. Við vinnum að því að koma á kennslu í hestafræðum við framhaldsskóla landsins og fl. Auk alls þessa er rekið blómlegt félagsstarf í félaginu fyrir þann breiða hóp hestamanna sem þar eru félagsmenn, en félögum fjölgar stöðugt og eru nú komnir í á níunda hundraðið.

Starfið í Herði hefur verið nokkuð hefðbundið sl. ár. En í Herði er t.d. rekið öflugt barna- og unglingastarf og ráðinn var yfirkennari, Oddrún Ýr Sigurðardóttir og starfar hún með æskulýðsnefnd Harðar. Æskulýðsnefndin stendur fyrir mörgum og fjölbreyttum reiðnámskeiðum, ásamt fjölskyldureiðtúrum, páskaatleik og fl. Fræðslunefnd fatlaðra hefur vaxið og dafnað á starfsárinu og hlaut styrk frá Sorpu sem auðveldar allt starf. Starfsemin hefur vakið athygli langt út fyrir Harðarsvæðið og eru börn keyrð m.a. frá Suðurnesjunum og Selfossi til að koma á reiðnámskeið. Berglind Árnadóttir sér um alla kennslu en einnig eru margir sem aðstoða í sjálfböðavinnu. Kvennadeildin stóð fyrir reiðtúrum tvisvar sinnum í mánuði og voru þeir vel sóttir, deildin hefur staðið fyrir þessum reiðtúrum í nokkur ár og hafa þeir mælt vel fyrir. Kvennadeildin hefur jafnframt séð um veitingar á hinum ýmsu uppákomum sem eru í Herði. Mörg og fjölbreitt mót voru haldin í Herði, m.a. þrjú vetrarmót sem öll voru inni í reiðhöllinni, sem munar mjög miklu sérstaklega þar sem veðrið var með versta móti sl. vetur. Firmakeppni Harðar var haldin að venju 1. maí. Haldið var stórt WR íþróttamót sem stóð í 4 daga í maí. Gæðingamót var haldið í byrjun júní, en það var jafnframt úrtaka fyrir landsmót sem haldið var í Reykjavík. Síðasta mót ársins var Sumarsmellur Harðar sem haldinn var um miðjan ágúst. Harðarfélagar fóru riðandi til Reykjavíkur og tóku Fáksmenn vel á móti okkur. Einnig komu Fáksmenn til okkar og gátum við endurgoldið gestrisnina. Náttúrureið var riðin að Hrafnhólum, en þar var grillað og fólk skemmti sér við gítarspil og söng. Formannsfrúareið Harðarkvenna var farin í annað sinn og tókst vel, en riðið var frá Skógarhólum í Mosfellsbæ. Haldið var Lifs-tölmót fyrir konur þar sem safnaðist 1.200.000 sem gefin var til kvennadeildar Landspítalans, öll vinna við mótið var gefin ásamt því að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir gáfu vinninga og peningagjafir.

Gustur



Starfsemi Gusts árið 2012 var með talsvert breyttu snið en fyrri ár og helgaðist það fyrst og fremst af því að meginþorri félagsmanna var farin með sín hross úr Glaðheimum síðastliðinn vetur, og gegndi því reiðhöllin minna hlutverki en áður í starfsemi.

Áhersla var lögð á að halda úti öflugu starfi fyrir börn og unglinga

Náið samstarf var við félag okkar í Andvara og unnu nefndir beggja félaga saman. Mótahald var sameiginlegt að hluta með Andvara mönnum. Æskulýðsnefnd og fræðslunefnd unnu flest alla sína viðburði með Andvaramönnum. Reiðnámskeið voru flest haldin uppá Kjóavöllum ýmist í reiðhöll Andvara eða í reiðhöllinni við Hamraenda sem er í einkaeigu.

Við tókum þátt í viðburðinum æskan og hesturinn og var það í samstarfi við Andvara og lukkaðist það ljómandi vel og bærileg þátttaka hjá unga fólkinu.

Dymbilvikusýning var haldin í reiðhöllinni í Gláðheimum og var þemað í henni heimaræktun og voru flest atriðn tengd Gusti á einn eða annan hátt, ræktunarhópar sem og einstaklingsýningar. Þrauta og leikjadagur var einnig haldinn föstudaginn langa í reiðhöllinni í Gláðheimum og gríðarleg stemning hjá ungum sem öldnum. Atburður sem þessi nýtur gríðarlegra vinsælda meðal yngstu kynslóðarinnar enda er um að ræða náið samspil manns og hests. Þarna reynir fyrst og fremst á knapann og traustið milli kanpa og hests. Og það sem meira er um vert að allir geta tekið þátt.

Við héldum Íþróttamót um miðjan maí og verður að segjast eins og er að þátttaka í því var afspyrnu slök enda ekki við öðru að búast þar sem aðstaða fyrir keppendur er nánst engin fyrir mót af þessu tagi. Einnig héldum við gæðingakeppni sem jafnframt var úrtaka fyrir landsmót og var sama saga þar, þátttaka var langt undir væntingum. Engu að síður þá náði Gustur að senda fullmannað lið á landsmót í Víðidal og stóðu okkar fulltrúar þar sig með þryði.

Gustur og Andvari stofnuðu nýtt hestamannafélag á Kjóavöllum og tók það yfir framkvæmdir á uppbyggingunni sem og alla hestatengda starfsemi á Kjóavallasvæðinu. Uppbyggingin hófst strax síðastliðið sumar í vallarframkvæmdum, reiðhöll var boðin út síðsumars og skrifað undir verksamning á henni í nóvember. Áætlað er að framkvæmdir við reiðhöll hefjist að fullumkrafti í febrúar og þeim ljúki í haust og reiðhöllin verði afhent fullbúin til notkunar fyrir næstu áramót.

Liðið ár hefur verið mikið umbrota ár í sögu félagsins eins og síðastliðnin sex ár. En nú sér fyrir endan á þessum gjörningum öllum og uppbygging hafin á Kjóavöllum þannig að félagsmönnum okkar verður sköpuð aðstaða eins og best getur orðið. Útreiðaleiðir frá svæðinu eru frábærar umgjörð hestamennsku þar verður til fyrirmyndar þega framkvæmdum verður lokið næsta haust. Horfum við Gustarar hjartáhrif fram á veginn og fullir tilhlökkunnar að takast á við ný verkefni í nýju félagi á nýjum stað.



Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið

innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14, glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofuaðstöðu.

Starfið hefur gengið vonum framár á árinu 2012, en mikil aukning hefur orðið á iðkendum á síðasta ári hjá félaginu. Mikið hefur verið lagt í að bæta aðstöðuna okkar á árinu m.s. skápar, endurnýjaðir, salurinn, var málaður í hólf og gólf, þá var keypt uppþvottavél, og tölvur endurnýjaðar

o.fl. til að gera aðstöuna enn betri. **Stjórn félagsins skipa:** Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Salvör Kristín Héðinsdóttir. Gestapjálfarar hafa komið þrisvar á árinu frá Þýskalandi. Aðalpjálfi er Hildur Ýr Arnarsdóttir.



Ísbjörninn



Aðalfundur var haldinn 12. janúar 2013. Á honum voru rædd hefðbunin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Niðurstaðan var sú að engin breyting var gerð á stjórn.

Árshátið félagsins var haldin laugardaginn 22. september á samkomustað í miðbæ Reykjavíkur. Verðlaun voru veitt fyrir góða frammistöðu og fleira en félagsmenn kusu vinningshafa.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu; Valitorbikarinn 2012, Lengjubikarinn og Íslandsmót í knattspyrnu, 3.deild karla.

Félagið stundaði æfingar að meðaltali 3 sinnum í viku yfir keppnistímabil aðurnefndra móta.

Árið 2013, nánar tiltekið 16. mars mun félagið fagna 5 ára starfsafmæli. Fyrirhugað er að hafa samkomu fyrir aðila sem komið hafa nálægt félaginu til að fagna áfanganum.

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Aðstoðarpjálfi og fjölmiðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Kveðja Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Augnablik

Aðalfundur haldinn í upphafi árs 2012

Í stjórn Augnabliks eru:

Guðjón Már Sveinsson, formaður og gjaldkeri

Óttar Angantýsson, varaformaður

Sigurjón Jónsson, ritari

Pétur Magnús Birgisson, meðstjórnandi

Hlynur Magnússon, meðstjórnandi

Albert Guðmundsson, meðstjórnandi

Knattspyrnufélagið Augnablik lék í 3. deild karla sumarið 2012. Þjálfarar voru þeir Ólafur Tryggvi Brynjólfsson og Jóhann Hilmar Hreiðarsson. Þeir sáu einnig um þjálfun hjá 2. flokki karla og var því áframhaldandi samstarf milli 2. flokks Breiðabliks og Augnabliks.

Margir leikmenn sem gengu upp úr 2. flokki karla gengu til liðs við Augnablik og fengu þeir verkefni með liðinu. Nokkrir af þeim höfðu reyndar spilað með Augnablik sumarið áður sem leikmenn 2. flokks Breiðabliks.

Verkefni stjórnar eru að finna hæfa leikmenn og þjálfara til að takast á við verkefni ársins fyrir hönd Augnabliks

Í samstarfi við Breiðablik sendi Augnablik lið til leiks á Íslandsmótið í 3. deild karla D-riðli.

2. flokkur Breiðabliks og +30 ára lið Breiðabliks hétu þannig Breiðablik/Augnablik og spiluðu undir þeim formerkjum á Íslandsmótum.

Þjálfarar Augnabliks voru einnig þjálfarar 2. flokks Breiðabliks og var því mjög gott samstarf á milli félaganna alveg frá byrjun.

Leikmenn Augnabliks sinntu gæslustörfum á heimaleikjum Breiðabliks í meistaraflokki karla

Lengjubikarinn

Augnablik tók þátt í B-deild Lengjubikarsins og drógust í riðil með HK, Njarðvík, KFR og Hamar úr 2. deild og liði KB úr 3. deildinni. Liðið endaði í 4-6 sæti riðilsins

Bikarkeppni KSÍ

1. Umferð Hómer – Augnablik 1-3

64-liða úrslit Augnablik – Hamar 2-0

32-liða úrslit Augnablik – Höttur 1-4

Íslandsmótið 3. deild karla D-riðill

1. Huginn 29 stig

2. Leiknir Fáskrúðsfirði 29 stig

3. Augnablik 28 stig

4. Einherji 23 stig

5. KH 18 stig

6. Álftanes 17 stig

7. Björninn 10 stig

8. Skínandi 7 stig

Umspil um að spila í nýrri 3. deild árið 2013.

Augnablik-Drangey 3-1 eftir framlengingu.



Kraftlyftingafélag Garðabæjar

2012 var mikið uppbyggingarár hjá Kraftlyftingafélagi Garðabæjar. Félagið stækkaði um rúman helming og við fengum aðgang að nýrri æfingaaðstöðu í Ásgarði. Garðabær útbjó aðstöðuna með góðum æfingataækjum og félagið lagði sjálf til ýmislegt fleira. Þetta gjörbylti möguleikum okkar til að æfa og árangurinn leyndi sér ekki. 7 félagar kepptu á einu eða fleiri Íslandsmótum á árinu og sóttu saman 3 gull, 5 silfur og 3 brons. Einn keppandi, Dagfinnur Ari Normann setti heil fimm unglingamet á árinu og var í kjölfarið valinn í landslið Íslands á Norðurlandamóti unglinga í kraftlyftingum 2013. Félagið lenti í 4. sæti í liðakeppni á árinu.

Aðalfundur var haldinn 30. september og stjórn var endurkjörin til eins árs, í henni sitja Alexander Ingi Olsen formaður, Jón Sævar Brynjólfsson gjaldkeri og Tómas Dan Jónsson ritari.

Það er því mikið og öflugt starf í gangi hjá Heiðrúnu, við höldum áfram að iðka kraftlyftingar af kappi og stöndum fyrir umbótum á æfingaaðstöðu fyrir íþróttafólk Garðabæjar á komandi árum.

Alexander Ingi Olsen

Formaður KFGH



Knattspyrnufélag Garðabæjar



KFG var stofnað árið 2008 og á því að baki 5 leiktímabil í gömlu 3. deildinni sem frá 2013 mun heita 4. deild. Stofnandi og umsjónamaður KFG er Lárus Guðmundsson fyrrverandi atvinnumaður og landsliðsmaður í knattspyrnu og formaður KFG er Joost Van Erwen. Félagið var stofnað til að gefa þeim leikmönnum sem komast ekki að í afreksstarfi Stjórnunnar tækifæri til að æfa og leika knattspyrnu í sínu uppeldisumhverfi og með sínum félögum. Fyrir utan Garðbæinga, sem mynda meirihluta hópsins, hefur KFG einnig notið góðs af liðstyrk vaskra pílta sem eiga rætur sínar að rekja af landsbyggðinni aðallega frá norðurlandi. KFG hóf æfingar í byrjun febrúar árið 2012 með tveimur æfingum í viku. Í mars og apríl var æft tvisvar í viku og frá maí til loka tímabils í ágúst voru æfingar þrisvar til fjórum sinnum í viku. Um 40 leikmenn mættu a.m.k. á

eina æfingu á þessu tímabili en að jafnaði voru um 20 leikmenn að sinna þessu af góðum krafti. Í febrúar og mars lék félagið nokkra æfingaleiki sem gengu vel og svo hófst Lengjubikarinn um miðjan mars mánuð. KFG fór uppúr sínum riðli og mætti Berserkjum í undanúrslitum, en beið þar í lægri hlut. Í Íslandsmótinu var KFG í riðli með Magna, ÍH, Drangey, KB, Ými, SR og Afríku. Þetta var hörkuriðill og í heildina var frammistaða KFG góð. Félagið lagði mikið uppúr því að spila góðan fótbolta og skoraði mörg mörk en fékk heldur mörg mörk á sig. Með meiri stöðugleika og betri varnarleik hefði félagið hugsanlega gert atlögu að úrslitakeppninni.

Niðurstaða sumarsins var 4. sæti riðilsins með 20 stig. Félagslegi þátturinn skiptir gríðarlega miklu máli í félaginu og reynir félagið yfirleitt að gera mikið úr ferðalögum út á land. Ferðin til Grenivíkur stendur líklega uppúr á þessu tímabili þar sem KFG spilaði hörkuleik við Magna, sem unnu riðilinn, og skemmtu sér svo vel á Akureyri að leik loknum.

Þjálfarar liðsins tímabilið 2011-2012 voru Halldór Ragnar Emilsson og Hannes Rúnar Halldórsson.



Golfklúbburinn Kjölur



Aðalfundur Golfklúbbsins Kjalar fór fram í byrjun desember í hátíðarsal Lágafellsskóla og mættu um 156 félagar á fundinn sem er met í fundarsókn. Á fundinum voru rædd venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og reikningar ársins lagðir fram og samþykktir.

Formaður klúbbsins var kosinn Guðjón Karl Þórisson.

Í stjórn klúbbsins næsta árið ásamt formanni voru kosnir eftirtaldir: Hilmar Harðarson, varaformaður, Davíð Gunnlaugsson, meðstjórnandi, Þórhallur Kristvinsson, meðstjórnandi, Margrét Óskarsdóttir, ritari, Vala Valtýsdóttir, gjaldkeri og Sigurður Valur Sveinsson sem er varamaður í stjórn.

Almennt gekk félagsstarfið vel. Félagsmönnum fjölgaði um 12% og eru 735 í lok september sem er aðeins minna en í áætlun fráfarandi stjórnar.

Æfingar.

Nokkrar breytingar urðu á æfingaskipulagi þetta árið. Reynt var eftir fremsta magni að fækka í hópum bjóða upp á einstaklingsmiðaðri æfingar og þjálfun. Nokkuð vel tókst til en þó er alltaf pláss til þess að gera betur. Nú eru hafnar vetraræfingar undir umsjón Einars Lyng og ganga þær vel.

Golfnámskeið.

Theodór Emil Karlsson og Heiða Guðnadóttir sáu um golfnámskeið GKj og nutu aðstoðar Gísla Ólafssonar og Jóns Bjarka Oddssonar. Golfnámskeiðin gengu vel og voru vel sótt. Þessi námskeið eru veigamikill þáttur í starfi klúbbsins. Í fyrsta sinn voru námskeiðin tvískipt eftir aldri.

Sú skipting tókst vel og stefnt er á að halda henni áfram á einhvern hátt. Einnig eru uppi hugmyndir um sérstök námskeið fyrir stúlkur en við erum alltaf að leita leiða til þess að fjölga þeim í starfinu.

Árangur okkar þetta árið hefur oftast verið betri í meistara-flokki en í unglingaflokkum var árangurinn frábær. Áskor-endamótaröð GSÍ hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár og var fjölgun á okkar krökkum á mótaröðinni þetta árið. Alls 18 þátttakendur voru frá okkur á þessari mótaröð en árið 2011 voru þeir 14 og 2010 einungis 3.

Lagt var upp úr því strax í vor að hvetja okkar krakka til þátttöku á mótaröðinni og voru farnir skipulagðir æfinga-hringir með þjálfurum fyrir hvert mót. Einnig mætti þjálfari á staðinn á keppnisdegi og var til staðar og veitti stuðning. Þetta tel ég mikilvægan þátt í að halda áfram sömu þróun og hefur verið undanfarin ár.

Þetta árið náðum við mögnuðum árangri á mótaröðinni. Helst ber að nefna stigameistaratitil Kristófer Karls Karlssonar í flokki 14 ára og yngri. Kristófer sem er aðeins 11 ára gamall sigraði á tveimur mótum af fimm og kórónaði frábært tímabil með stigameistaratitlinum. Þar að auki höfnuðu þrír kjalarmenn í efstu 10 sætum en alls eru 100 á listanum. Ragnar Már endaði í 5. sæti og Sverrir Haraldsson í 10. sæti, þess má til gaman geta að þeir eru báðir 12 ára sem gerir árangurinn enn betri. Þarna stöndum við framar stærri klúbbunum en GKG er með tvo í efstu 10 sætum og GR engan.

Í flokki 15-16 ára náðum við einnig góðum árangri en þar hafnaði Andri Ágústsson í öðru sæti stigalistans. Bragi Arnarsson sigraði mót 4 sem haldið var á Selfossi með glæsilegri spilamennsku.

Keppnisárið – Eimskipsmótaröð GSÍ.

Átta Kjalarmenn léku á Eimskipsmótaröð GSÍ þetta sumarið. Helst ber að nefna flottan árangur Theodórs Emils í fyrsta mótinu í Leirunni. Theodór spilaði frábærlega fyrri daginn við erfiðar aðstæður og lék í lokaholli á seinni degi ásamt atvinnukylfingnum Birgi Leif Hafþórssyni. Theodór náði sér þar í dýrmæta reynslu þrátt fyrir að hafa ekki náð í verðlaunasæti í því móti.

Magnús Lárusson hafnaði í 3.sæti í lokamótinu sem fram fór í Grafarholti.

Samvinna við foreldraráð (Opna Fjölskyldumótið)

Foreldrar hafa komið að starfinu með ýmsum hætti og tekið virkan þátt í starfinu og eiga þau hrós skilið. Foreldraráð var stofnað á vormánuðum og í því sitja Hreiðar Stefánsson, Karl Hjartarsson og Ingibjörg Ívarsdóttir. Samvinna mín við foreldraráð var góð og er þetta kraftmikið og gott fólk sem vill láta gott af sér leiða. Við stóðum í sameiningu fyrir móti um mitt sumar en það mót fékk nafnið Opna Fjölskyldumótið. Mótið tókst vel en skylda var að foreldri og barn spiluðu saman í liði. Kjalarfeðgarnir Kristófer Karl Karlsson og Karl Emilsson sigruðu mótið og geta því kallað sig bestu feðga landsins! Takk kærlega fyrir samstarfið á árinu Hreiðar, Kalli og Ingibjörg.

Skýr stefna barna og unglingastarfs.

Nú á haustmánuðum var kynnt stefna barna og unglingastarfs GKj. Sett hefur verið saman ítarlegt skjal utan um starfið sem aðgengilegt er á www.golf.is/gkj undir skjöl. Hvet ég alla áhugasama til þess að skoða það, en svona skjal á að auðvelda aðgengi að starfinu og tryggja það að allir séu að stefna í sömu átt.

Hliðavöllur 18 holur.

Uppbygging nýja vallarins hefur gengið vel og var Hliða-

völlur í fyrsta sinn 18 holu völlur allt árið. Á meðan æfingarsvæðið er ekki að fullu tilbúið var notað tækifærið og opnaðar sex par 3 holur sem hefur nýst vel á golfnámskeiðum og í æfingum barna- og unglinga og einnig hafa nýliðar og gestir nýtt sér svæðið og haft gaman af.

Nú vantar aðeins mold í grjótnámuna og á seinni hluta æfingarsvæðis, til að klára svæðið alveg þó að það sé eftir ýmislegur finni frágangur s.s. á milli brauta sem mun verða klárað smá saman. Þar sem Hlíðavöllur er orðinn 18 holur erum við að taka inn nýja félaga og getum bætt við okkur 200-250 félögum næstu tvö-þrjú árin.

Þess má geta að Golfklúbburinn Kjölur býður þeim félögum sem eru atvinnulausir eða hafa lent illa í kreppunni að sækja um niðurfellingu á félagsgjöldum að hluta til eða alveg. Aðeins þarf að fylla út eyðublað þar að lútandi og skila afriti af skattaskýrslu síðasta árs. Farið er með hvert mál sem trúnaðarmál.

Bygging golfskála.

Búið er að setja byggingu á nýjum golfskála í bið næstu 2-3 árin og jafnvel lengur.



Nesklúbburinn



Aðalfundur Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins var haldinn laugardaginn 24. nóvember.

80 félagar í klúbbum sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Ólafur Ingi Ólafsson var kjörinn nýr formaður í stað Eggerts Eggertssonar sem lét af embætti eftir 8 ára formannstið.

Í stjórn Nesklúbbsins sitja því:

Ólafur Ingi Ólafsson formaður
Áslaug Einarsdóttir varaformaður
Geirarður Geirardsson gjaldkeri
Þorvaldur Jóhannesson ritari
Arnar Friðriksson meðstjórnandi
Varamenn í stjórn eru þau:
Jónas Hjartarson
Guðrún Valdimarsdóttir

Formenn nefnda:

Vallarnefnd: Einar Magnús Ólafsson
Mótanefnd: Haukur Óskarsson
Forgjafarnefnd: Baldur Þór Gunnarsson
Kvennanefnd: Guðrún Valdimarsdóttir
Unglinganefnd: Áslaug Einarsdóttir
Umhverfisnefnd: Eggert Eggertsson
Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Líkt og undanfarin ár var starfsemi klúbbsins fjölbreytt og gekk í flesta staði mjög vel. Gott veðurfar setti vissulega sitt mark á starfseminni en líklega hafa sjaldan eða aldrei jafn margir sótt aðstöðu félagsins eins og á árinu.

Unglingastarfið var í miklum blóma undir handleiðslu Nökkva Gunnarssonar golfkennara og ekki áður verið boðið upp á meiri fjölbreytni fyrir yngstu aldurshópana. Sú nýbreytni varð á árinu að leyfi fékkst fyrir aðstöðu til inni-æfinga yfir vetrartímann í Lækningaminjasafninu norðan Nesstofu. Klúbburinn fjárfesti í 100 fermetra æfingapúttflöt sem sett var niður af sjálfbóðaliðum sem einnig komu upp neti til að slá í og annarri aðstöðu til golfæfinga. Aðstaða sem þessi var langþráð út á Seltjarnarnes þar sem áður hafði verið leitast eftir æfingaaðstöðu yfir vetrartímann í nágrenni sveitarfélögum með tilheyrandi kostnaði.

Nesklúbburinn sendi á árinu keppnissveitir í allar sveitakeppnir GSÍ og var árangur í heildina góður. Mun klúbburinn á næsta ári eiga sveitir í fyrsta skipti í efstu deildum A – sveita beggja kynja og öldungasveita.

Einvígið á Nesinu, "Shoot-Out" góðgerðarmótið var að venju haldið í frídegi verslunarmanna, núna mánudaginn 6. ágúst. Mótið sem haldið var í sextánda skipti var sem fyrr styrktarmót og naut í ár Neistinn – styrktarfélag hjartveikra barna góðs af og var í mótslok afhent ein milljón króna.

Nesklúbburinn er í dag sjöundi fjölmennasti klúbbur landsins og sá lang fjölmennasti sem er með 9 holu golfvöll. Biðlisti eftir að komast í klúbbinn telur tæplega 550 manns. Aðstöðuleysi gerir það fyrst og fremst að verkum að ekki er hægt að koma öllum að og hefur klúbburinn árangurslaust sóst eftir auknu landssvæði hjá bæjaryfirvöldum um árabil. Myndi þannig unglingastarf klúbbsins aukast og eflast töluvert ásamt því að fleirum yrði gert kleift að stunda golfþróttina sem áhuga hafa á því.



Skotfélag Kópavogs



Á aðalfundi 22. febrúar 2012 var öll stjórn SFK endurkjörin, í henni sitja:

Stefán Eggert Jónsson formaður, Jón Pétursson varaformaður, Ólafur Sigvaldason gjaldkeri, Stefán Sigurðsson ritari og

Pálmi Skúlason meðstjórnandi.

Félagsstarfið gengur vel og það er áframhaldandi fjölgun á félögum í Skotfélagi Kópavogs. Rekstur félagsins er einnig í mjög góðum málum þar sem nokkur hagnaður er af starfseminni á hverju ári sem geri okkur kleift að bæta stöðugt aðbúnað iðkenda félagsins.

Helsta verkefni stjórnar félagsins 2012 var að senda inn umsögn við ný vopnalög, þar sem við reynum að verjast þeirri aðför sem gerð er að nokkrum af þeim íþróttagreinum sem við stundum hjá félaginu af hálfu stjórnvalda. Ekki sér fyrir endan á því hvernig það fer, en vonir standa til þess að þær fjölmörgu umsagnir sem bárust alþingi um þau verði til þess að við fáum áfram að stunda þær íþróttagreinar sem nú eru stundaðar hjá okkur.

Fjórir stjórnarmeðlimir tóku að sér að gerast prófdóm- arar í skotprófum fyrir veiðimenn með hreindýraveiðum, sem voru á síðasta ári framkvæmd í fyrsta skipti. Til þess að framkvæma þessi próf fengum við leyfi til þess að nota svæðið hjá Skotdeild Keflavíkur. Við höfum enn ekki fengið úthlutað neinu útsvæði af hálfu Kópavogsbæjar.

Þátttaka í mótum er nokkuð góð. Félagið á yfirleitt flesta keppendur í enskum ríffli á landsmótum og nokkur fjölgun hefur orðið í loftgreinum og skammbýssugreinum undan- farið. Sífellt fleiri koma við hjá okkur til þess að kynna sér hvaða starfsemi er rekinn hjá okkur og það skilar sér í aukn- um iðkendafjölda.

Stefán Eggert Jónsson

Formaður Skotfélags Kópavogs



Golfklúbburinn Oddur



Stjórn GO:

Ingi Þór Hermannsson, formaður

Þorvaldur Þorvaldsson, gjaldkeri

Sigurjón Jónsson, ritari

Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi

Guðmundína Ragnarsdóttir, meðstjórnandi

Kristjana Sólbjörg Þorsteinsdóttir, varamaður

Aðalfundur golfklúbbsins var haldinn 4. desember 2012.

Síðast liðið starfsár var það tuttugasta í röðinni en Golf- klúbburinn Oddur var stofnaður 14. júní 1993 og fagnar því 20 ára afmæli á þessu ári.

Síðastliðið sumar var sérstaklega hagstætt kylfingum. Vorið einstakt og aldrei fyrr hefur Urriðavöllur verið opnaður jafn snemma inn á sumarflatir, eða í síðustu viku apríl mánaðar. Þriðja árið í röð var svo hægt að hafa völinn opinn fram yfir miðjan október.

Félagsstarf klúbbsins gekk með ágætum síðastliðið sumar en skráðir félagsmenn í Oddi voru 1.143 í lok starfsárins. Eins

og undanfarin ár var hápunktur sumarsins Meistaramót GO sem fram fór í júlí við frábærar vallaraðstæður og gott veður. Aldrei hafa fleiri félagar tekið þátt í mótinu. Klúbbmeistarar urðu þau Andrea Ásgrímsdóttir og Rafn Stefán Rafnsson.

Í Oddi eru hlutfallslega fleiri konur en í öðrum klúbbum innan GSÍ að jafnaði enda er kvennastarf GO kraftmikið og eftir því tekið. Veruleg fjölgun varð í þátttöku í barna- og unglingastarfi klúbbsins á árinu, bæði hjá þeim sem tóku þátt í æfingum á vegum GO og þeim sem sóttu námskeið og kennslu.

Aðstaða til vetraræfinga var bætt enn frekar og eru nú tveir fullkomnir golfhermar í aðstöðunni og einnig hefur verið byggt undir þúttflöt og gæða þúttteppi lagt á flötinn.

Eins og undanfarin ár tóku félagar til hendinni við fegrun umhverfisins og gróðursettu 2.000 trjáplöntur í land Urr- iðavallar. Fyrirsjáanlegt er að þessi gróðursetning mun verða svæðinu til mikillar þýði þegar fram líða stundir.

Á árinu tókst að sigla í höfn einu mikilvægasta verkefni síðari ára þegar tenging komst á við vatnsveitu Garðabæjar og vatnsmagn á svæðinu jókst til mikilla muna. Að auki var talsvert gert til þess að bæta vatnskerfið sjálft á árinu.



Golfklúbbur Bakkakots



Liðið ár var Golfklúbbi Bakkakots nokkuð gott. Fyrir það fyrsta opnaði völlurinn óvenju snemma eða 1. maí vegna fráberrar veðurlíðu.

Auk þess var góð umferð á vellinum allt sum- arið og starfið í heild gekk mjög vel.

Aðalfundur GOB var haldinn 29. nóvember. Alls mættu til fundar um 20 félagsmenn og hlýddu á skýrslu stjórnar, yfirferð ársreikninga og tóku þátt í líflegum umræðum um starfsemi GOB, framtíð og rekstrarárið sem nú er að líða. Félögum fjölgaði á milli ára og eru nú um 230.

Reikningar klúbbsins voru samþykktir samhljóða enda rekstrarniðurstaða ársins mjög góð. Hagnaður var á eigin- legum rekstri klúbbsins upp á rúmar 3,35 milljónir króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Rekstrargjöld klúbbsins eru 24.427.328 krónur utan afskrifta en rekstrartekjur 27.776.657 krónur. Þetta er tekjuaukning upp á rúma millj- ón frá árinu 2011 og kostnaður klúbbsins minnkaði um rúma milljón. Eftir afskriftir ársins var bókfærður hagnaður á rekstri klúbbsins 383.412 krónur. Félögum í GOB fjöl- gaði á milli ára og skýrir það að mestu þessa góðu afkomu. Gunnar Ingi Björnsson var endurkjörinn formaður klúbbs- ins með öllum greiddum atkvæðum og er að hefja sjötta árið sem formaður GOB. Stjórn GOB starfsárið 2012- 2013 skipa annars Kristinn Wium, Eyþór Ágúst Kristján- son

son, Lýður Heiðar Gunnarsson og Þórður Ármannsson. Starfsemi GOB var fjölbreytt á árinu líkt og undanfarin ár. Golfkennsla, barna- og unglingastarf og þjálfun afreksfólks var sem fyrr í höndum Einars Lyng. Starfsemin á árinu hófst með innitímum í vélaskemmunni hjá Blikastöðum eftir áramót en fluttist síðan í Bakkakot eftir opnun vallarins í lok maí. Fjöldi barna og unglinga stunduðu æfingar á vegum klúbbsins á árinu.

Meistaramót klúbbsins var að venju haldið í júlí. Keppendur voru 46. Klúbbmeistari kvenna árið 2012 er Birgitta Bjarmundsdóttir og Klúbbmeistari karla Einar Lyng. Til gamans má geta að þau eru bæði örvhent, en líklega eru fá dæmi þess að klúbbmeistarar íslensks golfklúbbs séu báðir örvhentir. Einnig var keppt var í holukeppni GOB og er Holumeistari karla árið 2012 Halldór Magni Þórðarson en keppninni um holumeistara kvenna náðist ekki að ljúka fyrir vallarlokun. Tópasmeistarar árið 2012 voru síðan Eypór Ingi Gunnarsson í lægri forgjafarflokki og Sigríður Ingi-björg Sveinsdóttir í hærri forgjafarflokki en Inga er að vinna þann flokk þriðja árið í röð.

Keppnisveit GOB í karlaflokki tók þátt í sveitakeppni í 3. deild og fór keppnin fram Öndverðarnesi í ágúst. Eftir mikla dramatík á lokadegi féll GOB því miður á milli deilda og keppir því í 4.deild næsta sumar. Hin árlega bændaglíma var síðan haldin þann 22. september og var það síðasta mót ársins.

Golfklúbbur Bakkakots þakkar öllum félagsmönnum sem og gestum fyrir golfsumarið.



Tennisfélag Kópavogs



Árið 2012 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglingastarfið gengur vel og er félagið heppið að hafa mjög góða þjálfara í vinnu. Á árinu voru Jón Axel Jónsson sem jafnframt er formaður TFK og Milan Kosicky yfirþjálfarar og aðrir þjálfarar voru Magnús Gunnarsson, Ragna Sigurðardóttir og Luigi Bartolozzi sem sá um þrekæfingar. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum. Eins og árið 2011 var farið með keppnishóp í Danmerkurferð og stóðu íslensku keppendurnir sig nokkuð vel og náðu 1-3 sæti í nokkrum mótum sem er góður ár-

angur. Góð aðsókn var að Tennisakademiunni og Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Ragna Sigurðardóttir og Sandra Dís Kristjánsdóttir sáu um Tennis- og leikjaskólann en Jón Axel og Milan sáu um Tennisakademiuna auk þess sem félagið fékk til sín yfir sumarið Jade Curtis sem hefur verið ofarlega á heimslistanum í tennis og vann hún bæði í Tennisskólanum og Tennisakademiunni og þau stóðu sig öll frábærlega. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Arnar Sigurðsson TFK sem hefur verið íslandsmeistari karla í fimmtán ár í röð keppti ekki í ár en annar spilarar úr TFK Birkir Gunnarsson sigraði Íslandsmót í einliðaleik karla og Íris Staub einnig úr TFK sigraði Íslandsmót í einliðaleik kvenna. Ungir spilarar úr Tennisfélagi Kópavogs fóru í nokkrar keppnisferðir til útlanda á síðasta ári, og fór unglingalandslið 13 ára og yngri til Osló og æfði með Norska tennissambandinu og kepptu í mótum. Í hópnum voru eingöngu spilarar úr Tennisfélagi Kópavogs, þau Melkorka Pálsdóttir, Sofia Sóley Jónasdóttir, Hekla Maria Olivier, Sigurjón Ágústsson, Sara Lind Þorkelsdóttir og Anna Soffía Grönhölm. Kepptir voru um 30 leikir og unnust yfir 20 leikri þannig að árangurinn var góður. Vladimir Ristic fór einnig í ferðir til Svíþjóðar og naut þar hjálpar Andra Jónssonar sem hefur verið þjálfari hjá TFK en er núna að þjálfa í Danmörku. Vladimir fór einnig til Serbíu til að spila í mótum með ágætisárangri. Hinrik Helgason fór ásamt Rafn Kumar Bonifacius frá Víkingi og kepptu í Liðakeppni Evrópu 16 ára og yngri og mættu þar stekum andstæðingum og komust ekki áfram í keppninni.

Tennisfélag Kópavogs hélt einnig tvö Evrópumót. Í júlí fyrir 14 ára og yngri í fjórða sinn þ.e Kópavogur Open og um páskana var haldið Icelandic Easter Open fyrir 16 ára og yngri í annað sinn. Tveir tennisspilara úr TFK kepptu með landsliðinu á þessu ári bræðurnir Birkir Gunnarsson íslandsmeistari og Magnús Gunnarsson. Mikil áhugi er einnig á tennishóllinni fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spílurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir. Tennisfélag Kópavogs ásamt Tennishöllinni stóð að flestum Stórmótum TSÍ sem haldin voru á

mánaðarlega í Tennishöllinni. Áskorendakeppni í tennis hélt áfram og hún gefur duglegustu og efnilegustu krökkunum kleift að keppa vikulega eins og bestu krakkarnir gera í útlöndum. Þessi viðbót hefur haft mjög góð áhrif á afreksstarfið og eru krakkarnir að ná upp meiri keppnisreynslu og að fara fram sem tennisspilara. Ljóst er að Tennishöllin er að verða alltof lítil, fyrir starfið sem blómstrar, og er hafin athugun á möguleikum á stækkun Tennishallarinnar sem félagsmenn í TFK vona að verði að veruleika. Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til er nauðsynlegt að tennissvöllunum í Tennishöllinni fjölgi. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



Íþróttafélagið „Stál-úlfur“



Aðalfundur félagsins fór fram þann 29. apríl og var haldinn í fundarsalnum Trefjar ehf í Hafnarfirði. Íþróttafélagið var stofnað af nokkrum þekktum litháískum íþróttamönnum, búsettum á Íslandi. Tilgangur félagsins er margþættur, m.a. að búa til vettvang fyrir íþróttaáhugamenn af erlendum uppruna, hvetja til heilbrigðra lífshátta, efla sjálfsmynd og aðstoða innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi með því að stuðla að virkum og skemmtilegum samskiptum milli Íslendinga og innflytjenda í gegnum íþróttir. Þátttaka í íþróttastarfi rýfur bæði einangrun fólks af erlendum uppruna, eflir samkennd og vináttu.

Stjórn „Stál-úlfs“ 2012:

Algirdas Slapikas – formaður
Erikas Milleris – varaformaður
Vytautas Lipskas – gjaldkeri
Mindaugas Andrijauskas – ritari
Rui Pedro De Jesus Pereira, Viatcheslav Titov, Sergej Diatlovic og Vytautas Lekavicius (vara) – meðstjórnendur

Á vegum félagsins eru bæði körfubolta- og fótboldalið sem spilaði í meistaraflokki karla. Körfuboltalið „Stál-úlfs“ endaði í 6. sæti A riðils í 2. deild karla í vor. Æfingar liðsins fóru fram í Kórnum þrisvar í viku. Fótboldaliðið Stál-úlfs í fyrsta sinn tók þátt í öllum keppnum á vegum KSÍ (Lenngjubikarnum, 3. deild karla, Borgunarbikarnum og Íslandsmóti innanhúss). Æfingar liðsins fóru fram á útigervigrasvellinum við Kórinn þrisvar í viku. Þrátt fyrir að félagið hafi verið stofnað af litháískum íþróttamönnum eru meðlimir félagsins af ólíkum uppruna enda allir velkomnir að taka þátt. Við höfum leikmenn frá Litháen, Póllandi, Portúgal, Úkraínu, Rússlandi, Serbíu, Bosníu, Egyptalandi og Íslandi. Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbóðaliðastarfi.

Íðkendur

Fjöldi íðkenda er svipaður í knattspyrnu og verið hefur 48. Íðkendum í körfuknattleik hefur fjölgað og þeir eru 28 samtals. Aðrir félagsmenn eru 3 samtals. Samtals eru 76 íðkendur.

UMF Stjarnan



Aðalfundur félagsins var haldinn í Stjórnuheimilinu þriðjudaginn 24. 04. 2012 og var hann vel sóttur. Dagskrá fundarins var hefðbundin. Eysteinn Haraldsson var fundarstjóri. Kynntar voru skýrslur stjórna og deilda og reikningar lagðir fram. Lítilsháttar tap var á rekstri félagsins á árinu 2011. Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða á fundinum.



Jóhann Steinar Ingimundarson var endurkjörinn formaður félagsins.

Í aðalstjórn félagsins voru kjörin þau Sigurður Bjarnason, Viðar Erlingsson, Þorsteinn Þorbergsson og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og í varastjórn þau Sara Rut Unnarsdóttir og Victor Ingi Olsen. Úr stjórn gekk Sigrún Dan Róbertsdóttir.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Sigurður Bjarnason er varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir ritari og Viðar Erlingsson meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri sem fyrr er Páll Grétarsson. Á haustdögum var tekið upp nýtt skráningarkerfi NÓRI fyrir íðkendur félagsins.

Íþróttastarfið í Stjórnumni var blómlegt eins og áður. Meistaraflokkur kvenna varð á árinu Bikarmeistari í knattspyrnu í fyrsta sinn í sögu félagsins. Þá keppti liðið í fyrsta skipti í Meistarakeppni Evrópu en féll út í fyrstu umferð. Auk þess vannst fjöldi titla í yngri flokkum flestra deilda félagsins.

Á vordögum var skipt um knattspyrnugras á aðalvelli félagsins auk þess sem við bættist upplýstur og upphitaður æfingavöllur í fullri stærð.

Justin Shouse körfuknattleiksmaðu úr Stjórnumni var kosinn íþróttakarl og fimleikastúlkan Andrea Sif Pétursdóttir íþróttakona Garðabæjar fyrir árið 2012.

Vinna við stefnumótun félagsins hélt áfram fyrri hluta ársins.



Tennisfélag Garðabæjar



Tennisfélag Garðabæjar er að verða 4 ára á þessu ári. Aðalfundur félagsins kaus stjórn félagsins og í henni sitja Heimir Þorsteinsson formaður og meðstjórnendur eru Skapti Gunnarsson, Súsanna Davíðsdóttir, Hanna Þóra Guðjónsdóttir og Yousef Sheikh. Félagið æfir í Tennishöllinni Kópavogi að Dalsmára 13. Þátttakendum í starfi félagsins fer fjölgandi með hverju árinu. Nálægt 50 krakkar hjá félaginu æfa tennis 2-5 sinnum í viku allan veturinn en mun fleiri krakkar taka þátt í starfinu á sumrin

Þ.e í Tennis- og leikjaskólanum en Tennisfélag Garðabæjar er í samstarfi við Tennisfélag Kópavogs og Tennisdeild BH í Hafnarfirði um vetrar- og sumarstarf fyrir börn og unglinga. Yfirþjálfarar félagsins á árinu voru þeir Jón Axel Jónsson og Milan Kosicky. Félagið stóð að keppnisferð til Danmerkur í sumar eins og síðasta sumar og kepptu þar fyrir hönd félagsins þeir Ingimar Jónsson og Davíð Ármann Eypórsson. Tennisfélag Garðabæjar hefur haft aðstöðu í Tennishöllinni Dalsmára og þó aðstaðan sé í Kópavogi þá hefur nálægð Smárans við Garðabæ gert það að verkum að aðstaðan hefur nýst félaginu mjög vel og eru hlutfallslega margir Garðbæingar að æfa tennis miðað við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Tennisfélag Garðabæjar hefur átt í mjög góðu samstarfi við Tennisfélag Kópavogs, Tennishöllina og Tennisdeild BH um tennisæfingar, Tennisskóla, Tennisakademíu og keppnishald og hefur í raun notið mikils stuðning þessara aðila á sínum fyrstu árum. Vonir félagsins standa til að gera þjónustusamning við Garðabæ sem uppfyllir þarfir félagsins og tryggja þannig rekstrargrundvöll félagsins. Samstarf félagsins við hin félögin hefur meðal annars snúist um sameiginlegar æfingar, skipulagningu mánaðarlega tennismóta og hafa félögin einnig skipulagt Áskorendakeppni fyrir efnilegustu og lengst komnu börn og unglinga sem hefur gert þeim kleift að keppa vikulega. Ljóst er að ef félagið fær eðlilegan stuðning við starf sitt þá á þetta starf og félagið eftir að vaxa og blómstra. Allir eru velkomnir að taka þátt í starfssemi félagsins. Allar upplýsingar um starfssemi félagsins er hægt að fá í Tennishöllinni Kópavogi í síma 564 4030.

Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur HK fyrir starfsárið 2011 var haldin í mars 2012 í Fagralundi. Hefðbundin aðalfundarstörf. Helstu niðurstöður reksturs starfsársins var viðundandi rekstrarniðurstaða.

Eftirfarandi skipa Aðalstjórn:

Sigurjón Sigurðsson, formaður
Magnús Gíslason, varaformaður
Einar Tómasson, gjaldkeri
Kristinn Gunnarsson, ritari
Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórnar
Fríða Sigurðardóttir, varamaður
Vilmar Pétursson, varamaður

Eftirfarandi eru formenn deilda:

Jón Rafn Ragnarsson, handknattleiksdeild.
Jóhann Viðarsson, barna- unglingaráð handknattleik.
Ómar Geir Þorgeirsson, knattspyrnadeild.
Baldur Már Bragason, barna- unglingaráð knattspyrnu.
Hrafnhildur Theódórsdóttir, blakdeild.
Hulda Ólafsdóttir, barna- og unglingaráð blak
Magnús Bollason, borðtennisdeild.
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.
Árný Árnadóttir, taekwondo deild.
Atli Þór Hannesson, bandýdeild.

Æfingar deilda á fyrrihluta ársins voru mjög dreifðar um bæinn. Á haustmánuðum var knattþúsúsum bæjarins skipt milli knattspyrnufélaganna HK og Breiðablik, Breiðablik er með sínar æfingar í Fífunni og HK í Kórnum. Þrettándafagnaður var haldinn að venju í Fagralundi eftir



blysför var glæsileg flugeldasýning í umsjón Hjalpasveitar Skáta í Kópavogi. Árshátíð félagsins var haldinn í Digra-nesi í janúar og þótti takast sérlega vel. Á árshátíðinni var kunngjörður íþróttamaður HK að þessu sinni hlaut Ólafur Bjarki Ragnarsson landsliðs- og meistaraflokksleikmaður í handbolta titilinn.

Vinnu að Íþróttastefnu HK var haldið áfram á árinu og er nú hafin innleiðingarvinna. Bandýdeild HK hlaut stöðu sjálfstæðrar deildar, en deildin hefur verið að festa sig í sessi. Sumarnámskeið tókust vel og var þátttaka góð. Sumarnámskeið voru haldin á þremur stöðum Fagralundi, Digra-nesi og Vallakór.

Íþróttaskóli HK og grunnskóla var haldið áfram í Snæ-landsskóla. Ekki reyndist grundvöllur fyrir skólanum fyrir Hörðu- og Vatnsendaskóla. Í haust hófst síðan íþróttaskóli fyrri 1 – 4 bekkina í Álfhólsskóla.

HK vann til tveggja Íslandsmeistara titla á árinu, meistara-flokkur Karla í handbolta urðu Íslandsmeistara í fyrsta sinn í sögu félagsins. Meistaraflokkur karla í blaki unnu Íslands-meistaratitilinn í annað skipti en síðast voru þeir Íslands-meistarar árið 2005.



Siglingafélagið Ýmir



Aðalfundur Ýmis 2012 var haldinn 2. febrúar.

Eftirfarandi kjörnir í stjórn:

Birgir Ari Hilmarsson, formaður
Ólafur Hafsteinsson, varaformaður
Pétur Jónsson, ritari
Kjartan Sigurgeirsson, gjaldkeri
Aðalsteinn Jens Lofsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörin;

Margrét Björnsdóttir, Friðrik Hafberg og Hlynur Hreinsson
Félagið var með öflugt barna- og unglingastarf og tóku

iðkendur þátt í fjölmörgum mótum á árinu. Einnig sóttu iðkendur félagsins æfingabúðir Siglingasambands Íslands sem haldnar voru í Stykkishólmi.

Félagið hélt á árinu fimm mót, þar á meðal var Íslandsmót kjölbáta sem haldið var um miðjan ágúst. Önnur mót voru Opnunarmót kæna, Sumarmót kjölbáta, Lokmót kjölbáta og hið árlega Áramót sem félagið heldur alltaf á gamlársdag. Ýmir hélt á árinu þrjú fræðslukvöld sem voru vel sótt og í sumar voru vikuleg félagskvöld þar sem eldri félagar koma saman og skella sér í siglingu.

Félagið sendir út á hverju ári nokkur fréttabréf en það er nú gert rafrænt á póstlista félagsins. Þá heldur félagið úti vefsíðu, snjallsímasíðu og að sjálfsgöðu er Ýmir á facebook. Nú stendur til að fá alþjóðlega vottun á félaginu en í því sambandi er verið að vinna að verklags- og vinnureglum fyrir allt starf félagsins. Þá er einnig unnið að því að fá „Bláfánan“ sem er alþjóðleg umhverfsvottun fyrir hafnir og baðstaði.



Hvíti riddarinn



Segja má að ákveðin tímamót hafi orðið í Hvíta riddaranum fyrri hluta ársins 2012. Liðið hafði undanfarin ár spilað mikið til á leikmönnum 2. flokks Aftureldingar, eftir að liðið fór nánast allt yfir í meistaraflokk Aftureldingar haustið 2009 Örfáir „eldri“ leikmenn spiluðu þó alltaf með. En þegar Hvíti riddarinn hóf æfingar af krafti í upphafi árs 2012 hafði fjölgað verulega í hópi „eldri“ leikmanna.

Bjarki Már Sverrisson yfirþjálfari yngri flokka í Aftureldingu til margra ára var ráðinn þjálfari. Margir af þeim sem hafa í yngri flokkunum æft undir leiðsögn Bjarka tóku fram skóna að nýju og mættu til leiks með Hvíta riddaranum. Þannig að segja má að Hvíti riddarinn hafi að mestu verið skipaður uppöldum Mosfellingum að nýju, síðastliðið keppnistímabil. Sigurbjartur Sigurjónsson leysti Bjarka af og aðstoðaði eins og þörf var á, enda Bjarki að þjálfari yngri flokka Aftureldingar, svo árekstrar á leikjum voru óhjákvæmilegir.

Liðið æfði til að byrja með tvisvar í viku en fjölgaði æfingum í þrjár þegar leið nærri keppnistímabilinu. Hvíti riddarinn tók þátt í öllum þeim mótum sem KSÍ bauð upp á, Lengjubíkar, Íslandsmóti og Bíkarkeppni. Gengið í leikjunum var upp og ofan, en stór hópur samheldinna liðsfélaga hafði virkilega gaman af starfsárinu ásamt þjálfurum og þeim sem að liðinu komu.



Íþróttafélag aldraðra Kópavogi



Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfímistíminn er 40 mínútur tvisvar í viku. Vorönn hófst 10. janúar og lauk 15. maí og haustönn byrjaði 11. september síðasti tími fyrir jóla 18. desember. Félagið hefur aðstöðu í Digraneskirkju á jarðhæð. Viss tenging er á milli félagsmanna og kirkjustarfs aldraðra í Digransekirkju. Skráðir félagar eru 119, þar af virkir um 75. Meðaltalsmæting var 39, flestir voru 58 í tíma. Í tímum er mikil áhersla lögð á alhliða hreyfingu í upphitun, liðkun liða, þjálfun vöðva og teygjur. Þátttakendur greiða fast gjald kr. 1000 á mánuði. Leiðbeinandi er Fannar Karvel Steindórsson. Hann verður leiðbeinandi félagsins um ókomna framtíð. Dagsferðir vor og haust hafa verið farnar árum saman og aðsókn hefur verið góð.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Digraneskirkju 27. mars

2012. Stjórnina skipa:

Formaður: Hörður Þorleifsson, 280528-4049

Gjaldkeri: Margrét Loftsdóttir, 270442-7069

Ritari: Sigríður Þorsteinsdóttir, 080135-4169

Meðstjórnendur: Inga Guðmundsdóttir, 101131-4929

Vigdís Jack, 240329-2049

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar



Félagið var stofnað í janúar 2011 og var þá níunda kraftlyftingafélag landsins undir hatti Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFTS). Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að stuðla að framgangi kraftlyftinga sem líkamsræktar og keppnisíþróttar, ekki síst á sviði klassískra kraftlyftinga (án útbúnaðar). Félagið var stofnað af 13 íþróttamönnum úr ólíkum áttum og til gamans má geta að innan Zetoranna eru nokkrir fyrrverandi landsliðsmenn í sinni íþrótt, Ólympíufari, hermaður frá norska hernum, Boot Camp meistarar og Fimleikamaður ársins 2010, betur þekktur sem Íþróttarálfurinn.

Í félaginu eru tæplega fjórtíu iðkendur og keppendur, þaf af nokkur fjöldi kvenna. Félagið sendi keppendur á þrjú mót á síðasta ári: Íslandsmeistaramótið í bekkpressu, Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu og Seltjarnarnesmótið í bekkpressu sem félagið hélt í samvinnu við Gróttu. Var það í alla staði vel heppnað en mótið var kynningarmót þar sem ófélagsbundnum var einnig gert kleift á að keppa við hlið keppenda



innan KRAFTS. Tæplega 30 keppendur tóku þátt í mótnu og fjöldi áhorfenda lagði leið sína í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness, enda í fyrsta skipti sem haldið er kraftlyftingamót á Nesinu. Samtals sendi Kraftlyftingafélag Seltjarnarness átta keppendur til keppni á árinu 2012 og unnu fimm þeirra til verðlauna.

Þrátt fyrir að félagið sé lítið náði það 7. sæti í heildarstigafjölda á síðasta ári og er í 3. sæti það sem af er ári eftir frábæran árangur á Íslandsmeistaramótnu í bekkpressu núna í janúar. Þar sóttu 4 keppendur félagsins tvenn gullverðlaun, silfur og brons. Vaxandi áhugi er á félaginu og hefur félagið m.a. fengið til liðs við sig karla- og kvennakeppendur bæði úr Boot Camp og Cross Fit.

Aðalfundur var haldinn þann 23. apríl 2012. Formaður félagsins er Magnús Örn Guðmundsson en aðrir í stjórn eru Grétar Dór Sigurðsson, Ólafur Páll Einarsson, Hannes Páll Guðmundsson og Agnar Þór Guðmundsson. Í varastjórn eru Dýri Kristjánsson og Finnur Hilmarsson.



Júðófélag Garðabæjar



Starfsskýrsla JG fyrir veturinn 2012 – 2013. Síðasti aðalfundur JG var haldinn þann 10. maí 2011.

Í stjórn félagsins eru

Haukur Hafsteinsson formaður

Gunnar Þorvaldsson gjaldkeri

Jóhanna S. Sigurðardóttir ritari

Björn H. Halldórsson meðstjórnandi

Um starfið

Tímabilið 2012–2013 er þriðji starfsvetur Júðófélags Garðabæjar. Starfið hefur gengið vel það sem af er vetri og mæting verið góð. Húsnæðið í Sjólandsskóla sem Garðabær útvegaði

okkur hefur verið með allra besta móti.

Í vetur höfum við verið með tvo aldurshópa, 6 – 10 ára og 11 – 14 ára. Báðir hóparnir hafa verið mjög vel sóttir og nánast fullskipaðir. Í hverjum hóp eru um 16 manns en salurinn rúmar ekki fleiri.

Sjálfsvörn kvenna og karla hefur verið á dagskrá í vetur og gengið vel. Kennar hafa verið áhrifaríkar aðferðir sem ekki þurfa mikinn kraft og henta því bæði körlum og konum.

JG hefur tekið þátt í nokkrum mótum og gengið ágætlega. Höfum við fengið bæði silfur og brons.

Kjarninn í félaginu er að styrkjast og hefur nánast sami hópur verið með frá byrjun.

Í heildina hefur þátttaka í félaginu verið góð og ljóst að það er mikill áhugi hjá yngstu kynslóðinni.

Foreldrar hafa verið mjög jákvæðir gagnvart félaginu og verið mikil hvatning.

Stefnt er að enn frekari uppbyggingu félagsins með því að bjóða upp nýja fjölbreytta tíma með nýjum áherslum.



Motomos



Aðalfundur var haldinn í febrúar 2012 og ný stjórn kosin. Formaður er Sverrir Jónsson og varaformaður er Guðni Friðgeirsson. Mikil vinna hefur farið í áframhaldandi uppbyggingu á svæði MotoMos og fyrir utan hefðbundið viðhald brautar var farið í töluverða aðgerð við að bæta umhverfið í kringum svæðið og sáð í kringum alla brautina ásamt því að tankar og gámar voru málaðir. MotoMos var hluti af Suzuki bikarmótaröðinni sem er þriggja móta röð sem haldin var í fyrsta sinn á þessu ári. Samanlagður sigurvegari í öllum mótum ársins átti að fá að launum fullan keppnisstyrk fyrir árið 2013 fyrir utan að fá hjól að eigin vali til afnota. Það er gaman frá því að segja að Viktor Guðbergsson sem er meðlimur og núverandi Íslandsmeistari í MX Open sigraði mótaröðina. MotoMos verður hluti af Íslandsmótaröðinni í motocrossi á komandi tímabili fyrir árið 2013 og er það stór áfangi fyrir félag með jafnt ungt svæði í uppbyggingu. Keppnin verður í ágúst á næsta ári og mun félagið halda áfram uppbyggingu á svæðinu til að uppfylla skilyrði fyrir að halda slík mót. Fyrir utan þetta að þá hefur MotoMos staðið fyrir þjálfun félagsmanna og þeirra sem á því hafa haft áhuga. Var sérstök áhersla lögð á öikumenn á aldrinum 12–18 ára en einnig voru námskeið fyrir aðra öikumenn. Gert verður ráð fyrir föstum æfingum næsta sumar fyrir flesta aldurshópa en áherslan verður samt sem áður á fyrrgreindan aldurshóp, þ.e. 12–18 ára. Félag eins og MotoMos lifir á sjálfbodavinnu félagsmanna og ef ekki væri fyrir ósérhlífð starf félagsmanna þá væri félag með þá starfsemi sem þarna fer fram ekki til.



Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings



1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafultrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttafulltrúi ríkisins.
- Skoðunarmenn reikninga
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á álit nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
- a. Kosning formanns.
- b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
- c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
- d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
- e. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.

20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.



9. gr. Aukapíng

Aukapíng skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapíngs má vera helmingi styttri en til reglulegs þíngs. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þíngi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapíngi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþíng.

10. gr. Stjórn

